



ADALFUNDUR SAF 2019
ÁRSSKÝRSLA 2018-2019



SAF 2019

Hönnun og umbrot
TBH & Co. Design

EFNISYFIRLIT

04	ÁVARP FORMANNS
06	EFNAHAGSMÁL
16	GÆÐAMÁL
18	SAMSKIPTI VIÐ STJÓRNVÖLD
21	UMHVERFIS- OG AUÐLINDAMÁL
23	MENNTA- OG FRÆÐSLUMÁL
32	ERLEND SAMSKIPTI
34	INNRA SKIPULAG
36	FÉLAGSFUNDIR
38	AÐALFUNDUR SAF 2018
40	20 ÁRA AFMÆLISHÁTÍÐ SAF
44	ÝMISLEGT
48	FAGNEFNDIR
50	MYNDIR ÚR STARFINU


BJARNHEIÐUR HALLSDÓTTIR

Formaður Samtaka ferðapjónustunnar

Nú er enn eitt starfs- og ferðapjónustuárið horfið í aldanna skaut. Árið 2018 var um margt merkilegt. Samtök ferðapjónustunnar voru afmælisbarn ársins, en þann 11. nóvember kl. 11:11 voru liðin 20 ár frá stofnun samtakanna. Af því tilefni var auðvitað haldin vegleg veisla, auk þess sem samtökin fengu nýtt merki og nýja ásýnd í afmælisgjöf.

Ný forysta tók við á árinu. Nýr formaður tók við af Grími Sæmundsen á aðalfundinum sem haldinn var á Hótel Sögu, auk þess sem Jóhannes Þór Skúlason hóf störf sem framkvæmdastjóri, eftir að Helga Árnadóttir hvarf til annarra starfa innan greinarinnar.

ÁR BREYTINGA OG ÓRÓA

Það urðu straumhvörf á árinu 2018. Þeim mikla vexti sem einkenndi árin eftir hrun og eftir eldgosið í Eyjafjallajökli lauk. Áhrif mikillar styrkingar íslensku krónunnar frá því árið 2016 auk gríðarlegrar hækkunar innlands launakostnaðar komu að fullu fram og urðu til þess að samkeppnishæfni Íslands sem áfangastaðar náði ákveðnum botni. Ísland nýtur nú þess vafasama heiðurs að vera í hópi dýrustu ferðamannalanda í heimi – ef ekki það dýrasta. Þessi staða hefur haft í för með sér að eftirspurn ferðamanna sem og kauphegðun þeirra hér innanlands hefur tekið breytingum til hins verra. Það hefur að sjálfsgöðu og því miður haft neikvæð áhrif á afkomu fjölmargra ferðapjónustufyrirtækja um land allt. Það alvarlegasta er þó að eftirspurn frá

„gömlu og góðu“ mörkuðunum í Mið-Evrópu hefur tekið dýfu – en það er einmitt sá markhópur sem er líklegastur til að dvelja hér lengi og ferðast vítt og breitt um landið. Því hafa áhrifin af þessum breytingum haft sérstaklega slæm áhrif á rekstur margra ferðapjónustufyrirtækja úti á landsbyggðinni. Það sannaðist enn og aftur að það er ekki beint samhengi á milli fjölda ferðamanna og afkomu ferðapjónustufyrirtækja, því að aldrei hafa fleiri ferðamenn komið til landsins en á árinu 2018.

Það var mikill órói og darraðardans í flugrekstri á árinu. Það urðu miklar sviptingar í rekstri bæði Icelandair og WOW – sem á tímabili urðu til þess að mikil óvissa skapaðist á mörkuðum. Þegar þetta er skrifað sér ekki enn fyrir endann á málefnum hins síðarnefnda.

Gengi krónu, sem eins og fyrr segir hefur valdið usla í greininni, er enn of sterkt – þrátt fyrir veikingu undir lok síðasta árs. Of há gengisskráning og miklar sveiflur gjaldmiðilsins reynast ferðapjónustunni nú, sem oft áður, þungar í skauti.

Óvenjulega mikil átök á vinnumarkaði og ótrúlegar kröfugerðir verkalyðsfélaga sem eru langt yfir því sem atvinnugreinin og hagkerfið þola hafa valdið vandræðum og nánast kyrrstöðu í starfsemi fyrirtækja. Ljóst er að skynsamlegar niðurstöður kjarasamninga eru ferðapjónustufyrirtækjum lífsnauðsynlegar í því árferði sem nú ríkir.

Enn eru á kreiki hugmyndir af hálfu ríkisvaldsins um að leggja aukin sértæk gjöld á ferðamenn. Umræðan er mjög óskýr – þannig hafa verið nefnd til sögunnar flugggjöld, breytingar á gistináttaskatti og fleira. Undanfarna mánuði hefur verið starfandi sérstakur gjaldtökuhópur sem átti að skila tillögum um gjaldtökuleiðir til ráðherra í lok síðasta árs. Hópurinn hefur enn ekki skilað af sér en það er rétt að því sé haldið vel til haga að það að leggja nú fleiri eða hærri sértæk gjöld eða skatta á ferðamenn væri glapræði sem myndi skerða laskaða samkeppnishæfni Íslands sem ferðamannalands enn frekar.

INNRA STARFIÐ

Stjórn SAF lagði á árinu mikla áherslu á að efla innra starf samtakanna. Að efla innra starfið felst m.a. í því að auka samtal og samvinnu innan samtakanna, búa til farvegi fyrir meira samtal og flæði upplýsinga manna á milli. Liður í því var að hver stjórnarmaður varð fóstri einnar fagnefndar og bar þar með ábyrgð á því að áherslur hverrar nefndar kæmust beint inn á borð stjórnar. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel, enda samstarf stjórnar og fagnefnda hjartað í starfi samtakanna. Annar liður var að heimsækja félagsmenn úti landi og hlusta á sjónarmið og áherslur félaga þar. Forsvarsmenn samtakanna gerðu víðreist um landið og heimsóttu félagsmenn á Suðurlandi, Austurlandi, Norðurlandi og í Vestmannaeyjum. Þessar ferðir voru mjög góðar og árangursríkar og gáfu okkur gott veganesti í verkefnin framundan.

TÖLUM SAMAN

Bein samskipti og samtöl við ólíka hagsmunaaðila sem koma að málefnum ferðapjónustu eru lyklar að árangri. Skýrasta dæmið um það er Stjórnstöð ferðamála, sem nú er á sínu þriðja starfsári. Það er mín skoðun að stofnun Stjórnstöðvarinnar hafi verið mikið gæfuspor fyrir alla hlutaðeigandi og hafi flýtt fyrir mörgum framfaramálum svo um munar. Má þar nefna Hæfnisetur ferðapjónustunnar, Mælaborð ferðapjónustunnar, áfangastaðaáætlanirnar og ekki síst þolmarkarannsóknina, sem er langt komin. Auk þess er það gríðarlega verðmætt að reglulega fari fram bein samskipti og samtöl á milli þeirra sem eru í þeirri stöðu að geta haft bein og skjót áhrif á gang mála. Það auðveldar okkur alla okkar hagsmunabaráttu og gerir okkur kleift að koma okkar áherslum milliliðalaust á framfæri. Auk þess erum við auðvitað sannfærð um það að okkar sjónarmið og innlegg stuðli að því að teknar verði farsælar ákvarðanir fyrir uppbyggingu og framgang greinarinnar. Það er því lykilatriði að okkur takist að tryggja starfsemi Stjórnstöðvarinnar þau ár sem hún á eftir af líftíma sínum og þurfa félagsmenn í SAF þar allir að leggjast á árarnar.

Auk þessa höfum við eft tengsl okkar við og höfum fundað með fulltrúum hinna ýmsu stofnana sem koma beint að ferðapjónustu, til þess að liðka fyrir samvinnu og góðum samskiptum. Má þar nefna fulltrúa þjóðgarðanna, Hagstofunnar, Landspítala – háskólasjúkrahúss og hinna ýmsu eftirlitsstofnana, Hæfnisetur ferðapjónustunnar og hina ýmsu fræðsluðaðila, Leiðsögn – félag leiðsögumanna, auk samstarfs við SA og aðildarfélögin um menntamál.

ÓLÖGLEG STARFSEMI Í FERÐAÞJÓNUSTU

Eitt af stærstu málum ársins hjá stjórn og starfsfólki var gerð skýrslu um ólöglega starfsemi og félagsleg undirboð,



Bein samskipti og samtöl við ólíka hagsmunaaðila sem koma að málefnum ferðapjónustu eru lyklar að árangri. Skýrasta dæmið um það er Stjórnstöð ferðamála, sem nú er á sínu þriðja starfsári.

einkum erlendra aðila á Íslandi. Grunur leikur á því að hér sé umfangsmikil útgerð erlendra fyrirtækja, sem starfa á svig við þau lög og reglur sem íslenskum fyrirtækjum er skylt að fara eftir. Þessi erlendu fyrirtæki eru grunuð um að greiða ekki lögboðna skatta og gjöld og/eða stunda félagsleg undirboð sem stórskekkja samkeppnishæfni íslensku fyrirtækjanna. Eftirlit með þessari starfsemi er mjög takmarkað og óskilvirkt. Þetta vandamál hefur nú í fyrsta sinn verið greint kerfisbundið og vakin á því athygli að við þetta getum við ekki unað. Róttækra breytinga er þörf til þess að eftirlit með þessari starfsemi verði umsvifalaust gert skilvirkara.

FAGMENNSKA Í FERÐAÞJÓNUSTU

Samtök ferðapjónustunnar standa fyrir fagmennsku í ferðapjónustu. Aldrei hefur verið mikilvægara en nú að stuðla að gegnheilli fagmennsku, heiðarleika og almennt góðum viðskiptaháttum. Viðskiptaumhverfi ferðapjónustu verður stöðugt meira krefjandi og því verða gæðamál, menntun, hæfni og þekking málefni sem er lífsnauðsynlegt að gefa enn meiri gaum. Samtök ferðapjónustunnar eru frábær vettvangur til að auka fagmennsku á öllum sviðum. Samtökin leiða m.a. vinnu í Hæfnisetri ferðapjónustunnar en markmið þess er að auka hæfni og framleiðni í ferðapjónustu. Við höldum úti öflugum stuðningsneti við félagsmenn hvað varðar upplýsingar, fræðslu og menntamál, lögfræðipjónustu, vinnumarkaðspjónustu, tölum máli félagsmanna gagnvart opinberum stofnunum og stjórnsýslu. Jafnframt eigum við fjölda fulltrúa í hinum ýmsu ráðum og nefndum til þess að rödd atvinnulífsins heyrir, vinnum með stjórnkerfinu til að bæta regluverk og löggjöf og stefnumótun um fjölmarga þætti sem hafa áhrif á atvinnugreinina svo eitthvað sé nefnt. Auk þess stöndum við fyrir umfangsmikilli fundadagskrá allt árið þar sem þau málefni sem efst eru á baugi hverju sinni eru rædd og þau svo unnin áfram inn í stjórnkerfið og meðal félagsmanna.

FRAMTÍÐIN ER BJÖRT

Þrátt fyrir að óveðursský séu á lofti í augnablikinu er framtíð ferðapjónustu á Íslandi björt. Atvinnugreinin er nú orðin langstærsta útflutningsgrein Íslands og ekkert sem bendir til þess að það muni breytast. Ferðapjónusta er sú atvinnugrein í heiminum sem er í hvað örustum vexti – ferðalög og upplifanir eru ofarlega á forgangslista einstaklinga um allan heim. Það kemur fátt nema alvarleg alheimsáföll í veg fyrir þá þróun. Ísland er frábær áfangastaður sem býður upp á einstaka upplifun og góða ferðapjónustu. Það er í okkar höndum, í samvinnu við stjórnvöld, að tryggja þá stöðu til framtíðar.

TAKK FYRIR SAMSTARFIÐ

Að lokum vil ég þakka starfsfólki SAF, trúnaðarmönnum og félagsmönnum fyrir mjög gott og gefandi samstarf á liðnu starfsári. Það eru mörg krefjandi verkefni framundan og ég hlakka til að takast á við þau – með ykkur.

EFNAHAGSMÁLIN

Á árinu 2018 var áfram góður gangur í efnahagslífinu, helstu hagvísar jákvæðir en horfur óráðnar. Hagvöxtur var 4,3% eða 0,3 prósentustigum meiri en á árinu 2017. Þetta var meiri vöxtur en fyrstu spár (3,2%)¹ ársins gerðu ráð fyrir. Neysla og fjárfesting eða eftirspurn í hagkerfinu jókst um 4,1%, lítillega minna en framleiðslan (4,3%), þar munar mestu minni fjárfesting atvinnuvega sem skýrist af meiri óvissu um þróun efnahagsmála næstu misserin. Atvinnuleysi var áfram lítið á síðasta ári (2,7%) en fór hækkandi seinni hluta ársins. Kaupmáttur ráðstöfunartekna óx um 4,5%. Í áætlunum Seðlabanka Íslands fyrir allt árið 2018 er gert ráð fyrir að afgangur af vöru- og þjónustujöfnuði verði 2,7% af VLF.² Bankinn gerir ráð fyrir afgangi á viðskiptum við útlönd næstu ár, en hann fari minnkandi. Bankinn gerir jafnframt ráð fyrir að það hægi verulega á hagvexti í ár, hann fari í 1,8% sem er minnsti vöxtur sem mælst hefur frá árinu 2012. Hægari vöxt megi einkum rekja til minni umsvifa í ferðaþjónustu.

Á árinu 2017 styrktist krónan (gengisvisitalan) um tæp 11%. Í fyrra (2018) veiktist hún um 4%³ og sveiflaðist nokkuð yfir árið. Í lok nóvember 2018 var gengi krónunnar um 19% veikara en það var í lok marsmánaðar (2018), sem bar merki um allt annað en gott jafnvægi á gjaldeyrismarkaði. Seðlabankinn var nokkuð virkur á millibankamarkaði, keypti krónur⁴ til að vinna gegn skammvinnnum sveiflum í gengi (veikingu krónunnar) og sitt sýndist hverjum um gagnsemi og tilgang inngrípna. Í árslok var gjaldeyrisforðinn áfram myndarlegur (736 milljarðar kr.) og erlendar eignir hærri en skuldir.⁵

Í ljósi meiri umsvifa í þjóðarþýskapnum, veikingar krónunnar, verðbólgu yfir markmiði (lægri raunvextir) og versnandi verðbólguhorfa ákvað peningastefnunefnd Seðlabankans (7. nóvember 2018) að hækka⁶ meginvexti (stýrivexti) um 0,25 prósentustig, úr 4,25 í 4,5%; í fyrsta sinn frá því í nóvember 2015. Annað sem ekki féll með fyrirtækjum í ferðaþjónustu á árinu var hækkun á olíu á heimsmarkaði en í október var verð á bensíni og olíu um 10% hærri en í upphafi árs. Í lok árs lækkaði hins vegar olíuverð hratt aftur en í þeim efnunum getur brugðið til beggja vona í framtíðinni.

Í könnun Gallup fyrir Samtök atvinnulífsins og Seðlabankann meðal stjórnenda 400 stærstu fyrirtækja landsins í lok árs 2018 gefa niðurstöður til kynna að sú bjartsýni sem ríkt hefur í íslensku efnahagslífi síðustu ár virðist vera á undanhaldi. Í byrjun árs 2019 sýndi leiðandi hagvísir Analytica (e. Composite Leading Indicator) lækkuð tólfta mánuðinn í röð sem ber vott um hægari hagvöxt og þá óvissu sem ríkir með efnahagshorfur.


FERÐAÞJÓNUSTA – FJÖLÐI FERÐAMANNA

Í upphafi árs var ljóst að fjölgun erlendra ferðamanna til landsins yrði hógværi en undanfarin ár. Menn bjuggu sig undir það versta, vonuðu það besta og það rættist úr. Um

2,3 milljónir erlendra ferðamanna komu til landsins eða 5,5%⁷ fleiri en árið áður. Í fyrra komu jafnframt hátt í 424 þúsund erlendir ferðamenn/farþegar (dagsferðamenn) með skemmtiferðaskipum til helstu hafna landsins, 17% fleiri en árið áður. Rúmlega 18 þúsund farþegar komu til landsins um Seyðisfjörð.

Fjölgun erlendra ferðamanna er nú í takti við 5,6% fjölgun ferðamanna um heiminn⁸ og til Norður-Evrópu. Í fyrra komu 78,4 milljónir erlendra ferðamanna til Norður-Evrópu. Hluttur Íslands í fjölda erlendra ferðamanna sem leggja leið sína til Norður-Evrópu var tæp 3%.


Mynd 1 Fjöldi (milljón) erlendra ferðamanna í Norður-Evrópu 2017 og 2018



Bretland hefur vinninginn í fjölda erlendra ferðamanna sem leggja leið sína til Norður-Evrópu. Talið er að um 35,7 milljónir erlendra ferðamanna hafi heimsótt Bretland 2018, þ.e. 2 milljónum færri en 2017, svipaður fjöldi og sótti Ísland heim.

Markaðshlutdeild Íslands í fjölda erlendra ferðamanna í Norður-Evrópu var 1,8% árið 2015. Í fyrra hafði hlutfallið hækkað í 3%.

Mynd 2 Hlutfall Íslands í fjölda erlendra ferðamanna til Norður-Evrópu



FJÖLDI ERLENDRA FERÐAMANNA TIL ÍSLANDS

Full ástæða er til að minna á að fjölgun erlendra ferðamanna hér á landi undanfarin ár sker sig úr í alþjóðlegum samanburði. Erlendum ferðamönnum hefur fjölgað mikið frá öllum markaðssvæðum sem í grunninn hafa lítið breyst þótt samsetningin sé önnur nú en áður. Í fyrra fækkaði erlendum ferðamönnum hins vegar frá öllum helstu markaðssvæðum nema Norður-Ameríku en bandarískum ferðamönnum fjölgaði um 20%. Nú er svo komið að kaup bandarískra ferðamanna á vöru og þjónustu⁹ eru um 30% af heildarviðskiptum erlendra ferðamanna (2017) en voru um 16% á árinu 2013. Á árinu 2017 námu kaup bandarískra ferðamanna á ferðalagi hér á landi um 96 milljörðum kr., kaup þeirra á farmiðum með íslenskum flugfélögum, til, um og utan Íslands, námu um 71 milljarði kr. Samtals nema því viðskipti bandarískra ferðamanna hér á landi um 167 milljörðum kr., eða um 14% af heildarútlutningi ársins 2017. Á árinu 2005 var vægi ferðapjónustu í heildargjald-eyristekjum 12,8%, árið 2017 var það 42% en lækkar lítillega á síðasta ári, í 39%.

Uppfærðar tölur um vægi ferðapjónustu í þjóðarþúskapnum liggja ekki fyrir en samkvæmt eldri tölum var vægi greinarinnar 8,6% af VLF á árinu 2017 og ekki er ósennilegt að vægið mjakist í 9% á árinu 2018.

Ferðapjónusta er að stærstum hluta útflutningsatvinnugrein og starfar á alþjóðlegum markaði þar sem samkeppnin er hörð og viðskiptavinir kröfuharðir. Framboð af menningar- og upplifunarpjónustu í heiminum fer stöðugt vaxandi og eftirspurnin er dýnamísk og getur færst til og breyst hratt vegna ótal þátta.¹⁰


Virðisikeðja ferðapjónustunnar á áfangastaðnum Íslandi er fjölbreytt, umfangsmikil og það getur verið flókið að þjónusta ferðamenn frá mismunandi markaðssvæðum. Það er því mikilvægt að atvinnugreinin og hagaðilar allir hafi viðan sjóndeildarhring – en ákveðinn samhljóm – og skýra sýn á atvinnugreinina; áfangastaðinn Ísland, hvaða markaðir eru að skapa mestu verðmætin í viðum skilningi, hvers virði viðskiptatryggðin er í því samhengi, í hvaða vörum fjárfestingin liggur og hverjar njóta mestrar hylli, hver staðan er á innviðum í breiðum skilningi og hver tengslin eru milli þeirra; til að taka á móti erlendum ferðamönnum, á sem skilvirkastan hátt, frá mismunandi menningarsvæðum og af mismunandi uppruna.

Í fyrra má gera ráð fyrir að útgjöld erlendra ferðamanna hér á landi hafi verið um 410 milljarðar kr., aukist um 9% milli ára (tafla 1). Útgjöld eða neysla erlendra ferðamanna án flugmiða nam um 342 milljörðum kr. Meðalneysla án flugs á hvern ferðamann var um 146 þúsund krónur og eykst hún, á föstu verði, um 1,5% milli ára. Um 85% af útgjöldum erlendra ferðamanna eru í „einkennandi greinum ferðapjónustu“ en 15% í öðrum atvinnugreinum. Taka verður fram að stuðst er við talningar um fjölda ferðamanna sem dvelja lengur en eina nótt samkvæmt Ferðamálastofu og ekki er leiðrétt fyrir „sjálfteigifarþegum“ né dagsferðamönnum sem koma með skemmtiferðaskipum eða öðrum skipum.

Það kemur ekki á óvart að tekjur fyrirtækja eða útgjöld ferðamanna vegna gistipjónustu vega þýngst í útgjalda-körfu þeirra. Það er hins vegar áhugavert að sjá hvað útgjöld til ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda hafa verið mikil á undanförunum árum en þau námu um 79 milljörðum kr. í fyrra en undir þennan lið falla ýmis afþreyingarfyrirtæki sem bjóða upp á fjölbreytta afþreyingarstarfsemi.

Tafla 1 Neysla erlendra ferðamanna hér á landi 2014-2018¹¹

	2014	2015	2016	2017	2018
	Verðlag hvers árs, milljónir króna				Áætlun
Ferðaneysla alls	198.021	259.973	345.970	376.578	409.956
Einkenni ferðapjónustu vörur/ atvinnugreinar	163.903	220.309	295.644	320.833	349.621
1. Gistipjónusta	43.748	58.590	75.468	85.627	97.403
2. Veitingapjónusta	18.228	25.832	35.033	38.698	42.339
3. Farþegaflutningar á landi	7.898	10.307	13.113	14.233	15.016
4. Farþegaflutningar á sjó	482	524	626	658	694
5. Farþegaflutningar með flugi	43.615	54.892	66.017	64.968	67.567
6. Leiga flutningatækja, bílaleiga og fleira	16.448	23.410	32.532	36.013	37.687
7. Ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur	29.741	42.279	64.560	71.418	79.417
8. Menningarstarfsemi	1.223	1.724	2.714	3.447	3.552
9. Afþreying (íþróttir) og tómstundastarfsemi	2.520	2.751	5.581	5.770	5.946
Aðrar ferðapjónustuvörur/atvinnugreinar	34.119	39.665	50.326	55.746	60.336
10. Ýmis verslun tengd ferðapjónustu	31.539	36.720	46.497	51.266	56.101
11. Ýmis önnur þjónusta við ferðamenn	2.580	2.945	3.829	4.480	4.235
Fjöldi erlendra ferðamanna (dvelja lengur en eina nótt)	998.600	1.289.100	1.792.201	2.225.914	2.346.956
Meðalneysla á hvern ferðamann án flugfargjalda	154.622	159.089	156.206	139.992	145.887
Meðalneysla á hvern ferðamann án flugs á föstu verði	167.023	169.085	163.249	143.772	145.887
% breyting milli ára		1.2%	-3.5%	-11.9%	1.5%
Meðalneysla á erlendan ferðamann, alls	198.299	201.6	193.042	169.179	174.676

Mynd 3 Kortavelta¹³, neysla erlendra ferðamanna, %-breyting milli ára

SAF hafa bent á mikilvægi þess að draga betur fram ferðapjónustuvörur eða helstu flaggskip ferðapjónustunnar en nú er gert í hagskýrslum. Mikil vörubróun hefur átt sér stað undanfarin ár og mikilvægt að draga betur fram þær „ferðapjónustuvörur“ sem áfangastaðurinn Ísland hefur fram að færa. Jafnframt er nauðsynlegt að flokka gistipjónustu betur en nú er gert, s.s. í gistipjónustu með veitingum, án veitinga, í aðra tegund gistingar og áætluð útgjöld erlendra ferðamanna vegna heimagistingar, Air-BnB. Í mælaborði Ferðamálastofu kemur fram að tekjur af gistipjónustu í AirBnB hafi verið um 19,6 milljarðar kr. á árinu 2017 en í fyrra hafi þær verið um 4 milljarðar kr. Sennilega er lítill hluti þeirra tekna meðtalinn í útgjöldum samkvæmt mælingum Hagstofu og RSV.

Á mynd 3 er sýnd breyting á kaupum erlendra ferðamanna á íslenski ferðapjónustu eftir útgjaldaliðum samkvæmt kortaveltu, borin saman við fjölda ferðamanna og fjölda gistinguáttanna.¹² Á árinu 2017 fjölga ferðamönnum um 25% en breyting í neyslu er afar mismunandi milli neysluflokka. Eftirspurn eftir gistingu er áfram mikil, eðli málsins samkvæmt, en vöxtur í spurn eftir dagvöru er mest en eftirspurn í veitingahúsum eykst minna.

Mikill samdráttur er í kaupum á gjafavörum, annarri verslun og kaupum á ýmsum viðburðum. Í fyrra, 2018, er annað uppi á teningnum. Breyting í neyslu var þá meiri en fjölgun ferðamanna í flestum liðum fyrir utan útgjöld vegna bílaleigubíla og áfram kaupa erlendir ferðamenn minna af gjafavörum og í annarri verslun ásamt ýmsum viðburðum.

Í fyrra var enn eitt metárið í ferðalögum Íslendinga til útlanda. Ferðum Íslendinga til útlanda fjölgaði úr 619 þúsund ferðum í 668 þúsund ferðir eða um tæplega 10%. Útgjöld eða innflutningur á ferðapjónustu (án fargjalda) nam um 199 milljörðum króna og jókst um 12% milli ára.

Neysla Íslendinga á ferðalögum erlendis (án flugfargjalda) eða innflutningur á ferðapjónustu var jafnmikill og öll neysla bandarískra, breskra og þýska ferðamanna hér á landi 2018.


ÞJÓNUSTUVIÐSKIPTI – EFTIR HELSTU MARKAÐSSVÆÐUM

Í töflu 2 eru útflutningstekjur af ferðapjónustuviðskiptum við útlönd flokkuð eftir helstu markaðssvæðum. Taflan

Tafla 2 Þjónustuviðskipti¹⁴ við útlönd alls vegna ferðalaga, helstu markaðir

	2014	2015	2016	2017	2018
	Verðlag hvers árs, milljónir króna				Áætlun
Neysla erlendra ferðamanna án flugfargjalda til landsins					
Bandaríkin	27.376	47.539	80.354	96.143	116.746
Bretland	21.405	28.459	38.952	45.667	54.758
Asía	9.439	11.331	18.593	26.393	29.177
Þýskaland	17.179	22.578	26.421	27.080	27.308
Frakkland	11.081	12.898	15.834	17.195	17.549
Spánn	4.216	5.256	7.284	8.344	9.762
Danmörk	8.770	9.194	9.509	9.845	9.653
Swiss	5.906	8.302	9.419	8.799	8.574
Noregur	11.257	10.843	9.831	8.556	7.839
Holland	5.164	5.855	7.423	7.995	7.788
Ítalía	3.805	4.703	5.805	5.978	7.058
Svíþjóð	6.038	6.714	8.139	6.889	6.284
Belgía	2.475	3.222	3.934	4.083	4.083
Austurríki	1.919	2.134	2.591	3.204	3.204
Finnland	2.174	2.203	3.017	2.895	2.715
Írland	1.124	1.797	2.242	2.275	2.275
Samtals	139.329	183.028	249.347	281.340	314.774
Þjónustuviðskipti, alls vegna ferðalaga	160.077	213.346	289.338	321.726	352.752
% af þjónustuviðskiptum alls	87,0%	85,8%	86,2%	87,4%	89,2%

Mynd 4 Gengi krónunnar og helstu markaðssvæði íslenskrar ferðapjónustu



endurspeglar vel þær miklu breytingar sem hafa átt sér stað í íslenskrar ferðapjónustu undanfarin ár; sem markast öðru fremur af breytingum á flugi til landsins. Nú er svo komið að bandarískir ferðamenn skila sem hópur mestum tekjum til fyrirtækja í ferðapjónustu – í fyrra fjölgaði þeim um fimmtung og nam neysla þeirra hér á landi 117 milljörðum kr.


Næstir koma ferðamenn frá Bretlandi, þar næst ferðamenn frá Asíu en að baki þeirri tölu eru 49 þjóðir. Í röð þar á eftir koma svo Evrópuþjóðirnar, Þýskaland, Frakkland og Spánn. Ferðamenn frá hinum Norðurlöndunum sem líta má á sem eitt markaðssvæði vega líka þungt en ferðaneysla þeirra hér á landi nam um 26,5 milljörðum kr. í fyrra.

Upplýsingar um útgjöld erlendra ferðamanna hér á landi samkvæmt landamæraökönun Ferðamálastofu og Hagstofu Íslands verða birtar bráðlega og þá munu birtast fyllri upplýsingar t.a.m. um útgjöld kinnverskra ferðamanna en veikleikar hafa verið í greiðslupjónustu hér á landi til að mæta m.a. greiðslumiðlunar-/símakerfum Kínverja.


Á árinu 2017 styrktist gengi krónunnar samkvæmt meðalgengisvísitölu um tæp 11% – svipað gagnvart dollar eða um 11,5%, gagnvart pundi um 16%, gagnvart japönsku jeni um 14,5% og gagnvart kinnversku yuan um 13% (mynd 4). Vægi allra markaðssvæða lækkar milli ára ef frá er talinn fjöldi ferðamanna frá Bandaríkjunum en þar vegur sennilega framboð á ódýru flugi upp aðra neikvæða þætti.

Tekjur af þjónustu við bandaríska ferðamenn (neysla þeirra) voru lægri í fyrra en meðaltekjur á tímabilinu 2013–2018 eða 168 þúsund krónur í stað 189 þúsund króna. Það sama gildir um þýska ferðamenn eins og mynd 5 sýnir. Þegar tekið er mið af meðaldvalarlengd¹⁵ eru útgjöld breskra ferðamanna hæst eða rúmlega 40 þúsund

Mynd 5 Meðalneysla erlendra ferðamanna



Meðalneysla á dag í krónum




kr. á dag eins og mynd 5 sýnir. Mikilvægt er að greina betur upplýsingar um útflutningsmarkað íslenskrar ferðapjónustu, finna hvaða hagvísar á meginmörkuðum hafa mest áhrif á eftirspurn hér á landi. Það er líka mikilvægt að þekkja meginrætti í ferðahegðun frá helstu mörkuðum og hvaða þættir í viðskiptaumhverfinu hér á landi styðja og styrkja við samkeppnisstöðu landsins. Mikilvægt er að taka mið af þeirri staðreynd að innlend fyrirtæki í ferðapjónustu eru fyrst og fremst að þjónusta erlendra ferðamenn, í alþjóðlegri samkeppni, í íslensku rekstrarumhverfi, sveiflukenndri krónu – með öllum sínum kostum og göllum.

REKSTUR OG AFKOMA Í FERÐAPJÓNUSTU

Fjöldi ferðamanna er góð vísbending en segir ekki alla söguna. Ótal¹⁶ aðrir þættir hafa áhrif á atvinnu- og verðmætasköpun í greininni. Á mynd 6 staðfestist að árið 2016 var gott rekstrarár í ferðapjónustu. Myndin sýnir jafnframt að það er ekki linulegt samband milli fjölda ferðamanna og afkomu fyrirtækja í greininni. Á árinu 2017 fjölgað erlendum ferðamönnum um 24%, þrátt fyrir það lækkar hagnaður fyrir arð, afskriftir, fjármagnsliði og beina skattta í öllum helstu greinum ferðapjónustunnar. Rekstarkilyrðin breyttust til hins verra þegar saman fóru miklar innlendar launahækkanir, hækkun á oliuverði og ofursterkt gengi með tilheyrandi viðskiptakostnaði (gengistapi).

Á árinu 2017 er afkoman á þennan mælikvarða hærri í nokkrum ferðapjónustugreinum en gengur og gerist í viðskiptahagkerfinu í heild. Um er að ræða heildarstærðir og það getur verið töluverður munur á milli fyrirtækja í sömu atvinnugrein. Það skiptir líka máli hvar á landinu fyrirtækin eru með starfsstöð en árstíðasveiflan er enn mismunandi milli landshluta.

Mynd 6 Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA)



Upplýsingar um afkomuþróun á árinu 2018 liggja ekki fyrir en í október sl. kynnti endurskoðunarstofan KPMG greiningu sem hún gerði fyrir Ferðamálastofu. Þar kom fram að afkoma mundi sennilega batna í rekstri gististaða á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2018 en versna úti á landi.

NÝSKÖPUN Í FERÐAPJÓNUSTU


Eðlilegur fylgifiskur mikils vaxtar atvinnugreina er fjölgun fyrirtækja. Jafnframt hefur átt sér stað mikil nýsköpun ekki síst í afþreyingu s.s. náttúru- og ævintýraferðamennsku. Í nýjum upplýsingum frá Hagstofu Íslands kemur fram að á síðustu fimm árum (2013–2017) hefur fyrirtækjum í ferðapjónustu¹⁷ fjölgað um 42%, úr 2.557 fyrirtækjum í 3.620, sem endurspeglar þann kraft sem býr í greininni. Á sama tíma fjölga fyrirtækjum í viðskiptahagkerfinu í heild um tæp 11%, úr 27.379 fyrirtækjum í 30.392. Síðustu ár hægist verulega á fjölgun nýrra fyrirtækja í ferðapjónustu, eins og við mátti búast.

Þegar hægir á er jafn eðlilegt að fyrirtæki sameinist, stækki og hagræði í rekstri svo úr verði hagkvæmari einingar. Það hefur svo sannarlega verið að gerast í ferðapjónustu undanfarin misseri.¹⁸


Af virkum fyrirtækjum (30 þúsund) í landinu voru rúmlega 28 þúsund með færri en 10 starfsmenn (94% af heildinni). Á mynd 7 kemur fram að 86% fyrirtækja í ferðapjónustu eru með færri en 10 starfsmenn á árinu 2017. Hlutfallið er lægra en í viðskiptahagkerfinu í heild (94,5%) sem kemur á óvart en almennt er talið að fyrirtæki í ferðapjónustu séu litil eða minni en gengur og gerist. Myndin sýnir jafnframt að fyrirtæki í ferðapjónustu stækki umfram það

Mynd 7 Hlutfall fyrirtækja í ferðapjónustu¹⁹ og viðskiptahagkerfinu í heild án ferðapjónustu

Fyrirtæki í ferðapjónustu



Viðskiptahagkerfið án ferðapjónustu



sem gerist almennt. Frá 2013 hefur hlutur fyrirtækja með 10-49 starfsmenn hækkað um 15,7% í ferðapjónustu meðan vægið í viðskiptahagkerfinu í heild hækkar um 9,4%. Svipuð þróun á sér stað í fyrirtækjum með fleiri en 50 starfsmenn. Ekki er ósennilegt að stærri og færri fyrirtæki séu það sem koma skal á næstu árum. Verðlag almennt er hátt hér á landi í alþjóðlegu samhengi og sennilegt að fyrirtæki leiti leiða til að sameinast og hagræða til að bæta samkeppnisstöðu.

Í fyrra var haft á orði innan fyrirtækja í ferðapjónustu að það geti verið dýrt að vaxa of hratt. Það sé auðvelt að fara út í verkefni sem, þegar upp er staðið, skila lágrí framlegð til að standa undir kostnaði. Nú þegar hægir á skapist góður tími til að endurskipuleggja og hagræða. Í fréttum hefur komið fram að Arctic Adventures, stærsta fyrirtæki landsins á sviði afþreyingar fyrir ferðamenn, sameinaðist Extreme Iceland í lok árs 2017 og nú stefnir í að fyrirtækið taki yfir mörg af þeim fyrirtækjum sem Icelandic Tourism Fund hefur komið á laggirnar; Into the Glacier ehf., Raufarhólshelli, Borea Adventures á Ísafirði og leiksýningunni „Icelandic Sagas - The Greatest Hits“. Arctic Adventures er fyrirtæki sem hefur þróast úr því að vera lítið frumkvöðlafyrirtæki yfir í að vera stórt og öflugt fyrirtæki sem þjónustar aðallega erlenda ferðamenn með breytt vöruframboð - allt árið. Fyrirtækið hefur markvisst sameinast og keypt fyrirtæki til að stækka og hagræða. Nú er fyrirtækið með um 250 starfsmenn úti um allt land. Fyrirtækið býður upp á fjölbreyttar ferðapjónustuvörur á jökli, í köfun og snorkli, rafting og gönguferðir.

Markaður fyrir afþreyingu hefur stækkað mikið á undanförunum árum enda tækifærin mörg og möguleikar miklir úti um allt land. Frá árinu 2013 hefur ferðaskipuleggjendum fjölgað um 73%. Á sama tíma fjölgar fyrirtækjum í viðskiptahagkerfinu í heild um rúm 10%. Ef gert er ráð fyrir að hver erlendur ferðamaður sem kemur hingað til lands í 5-6 daga kaupir 3 tegundir af afþreyingu þýðir það um 7-9 milljónir ferða á ári. Ef meðalverðið á ferð er 10 þúsund kr. nema tekjur rúmlega 7 milljörðum kr. Það munar um minna.

FLUGREKSTUR ÁSKORUN ÁRSINS FYRIR ÁFANGASTAÐINN

Óvissan í flugrekstri setti tóninn á seinni hluta ársins. Primera Air fór fram á greiðslustöðvun í byrjun október og félagið var tekið til gjaldprotaskipta skömmu síðar. Flugfélagið hafði vaxið hratt á undanförunum árum og hafði nýlega hafið innreið sína á ofurlággjaldamarkaðinn með flugi á nýjum vélum yfir Norður-Atlantshafið.

Þegar liða tók á árið varð ljóst að WOW air stóð frammi fyrir rekstrarerfiðleikum. Þar sem félagið er ekki skráð á markaði og þannig ekki lögð á það upplýsingaskylda var mikill skortur á haldgóðum rekstrar- og fjárhagsupplýsingum. Fregnir af erfiðleikum WOW air var aðallega að finna í fjölmiðlun og þann 15. september var fullyrt í Morgunblaðinu að skuld flugfélagsins við ISAVIA ohf.

vegna lendingargjalda næmi um 2 milljörðum króna. Félagið réðist í skuldabréfautboð og átti á svipuðum tíma í viðræðum við Icelandair Group um kaup/yfirtöku á WOW air. Ekkert varð af þeirri yfirtöku en í lok árs bárust fréttir af áhuga bandaríska fjárfestingarfélagsins Indigo Partners sem jafnframt er hluthafi í Wizz Air og fleiri lággjaldaflugfélögum. Þegar þetta er skrifað er lausafjárnandi félagsins enn óleystur.

Ýmislegt var í gangi hjá Icelandair Group og endurskipulagning gekk ekki sem skyldi, afkoman var langt undir væntingum, forstjóri til langs tíma hætti störfum og gengi bréfa féll. Farþegafjöldi Icelandair hefur aldrei verið meiri og flutti félagið rúmar 4 milljónir farþega á árinu 2018 sem er aukning um 2% frá fyrra ári. Farþegum Air Iceland Connect fækkaði um 9% milli ára og félagið hætti milli-landaflugi til Belfast og Aberdeen. Auk þess var hætt flugi milli Keflavíkurflugvallar og Akureyrar sem nýttast átti við að flytja erlenda ferðamenn og bæta þjónustu við íbúa á Norðurlandi.

Flugfélög á Íslandi eru ekki þau einu sem áttu í rekstrarerfiðleikum á síðasta ári, nokkur evrópsk flugfélög hættu rekstri og önnur áttu í verulegum erfiðleikum, sem ekki sér fyrir endann á.

Órói á flugmarkaði dró athygli að flóknu og fjölbreyttu samhengi í virðisdeðju ferðapjónustunnar, en ekki síður að þeirri staðreynd að fyrirtæki í ferðapjónustu starfa á alþjóðlegum markaði þar sem samkeppni, traust, öryggi og orðspor gegna lykilhlutverki.


Staðan beindi sjónum að því lykilhlutverki sem flugsamgöngur gegna fyrir áfangastaðinn Ísland ekki síst þegar nær dró jólum. Áhyggjur rekstraraðila í ferðapjónustu beindust ekki síst að því hvort ferðalangar sem hugðust dvelja hér yfir hátíðarnar kæmust leiðar sinnar en fjöldi ferðamanna er verulegur í desember. Frá árinu 2005 hefur uppsófnuð fjölgun ferðamanna hér á landi verið mest í desember og janúar sem sannar að Ísland er að festa sig í sessi sem vinsæll áfangastaður um jól og áramót.

Á árinu 2005 komu um 15 þúsund erlendir ferðamenn til landsins í desember en á síðasta ári (2018) voru þeir rúmlega 137 þúsund. Þannig hefur orðið níföldun á fjöldanum og uppsafnaðar breytingar á tímanum nema 272%, sem verður að teljast til tíðinda. Þessu tengt héldu um 50 þúsund Íslendingar utan í desember 2018 en þeir voru 25 þúsund 2005.



Farþegafjöldi aldrei verið meiri en þrátt fyrir það var afkoman langt undir væntingum.

Mynd 8 Fjöldi erlendra ferðamanna hér á landi, í desember ár hvert



Á myndinni má sjá að það hefur hægt verulega á fjölgun til landsins síðustu 2 ár og freistandi að álykta að rekja megi minni vöxt í fyrra að einhverju leyti til þeirrar óvissu sem ríkti um flugsamgöngur til landsins, en hugsanlega má rekja hægari takt til varanlegra breytinga. Það er mjög óeðlilegt að reikna með tugprósenta fjölgun eftir þá miklu fjölgun sem hefur verið á liðnum árum. Það er sameiginlegt verkefni að vinna úr því sem hefur áunnist og búa sig undir fjölgun ferðamanna í líkingu við það sem þekkist í öðrum löndum Norður-Evrópu eins og getið er um hér að framan.


FLUGREKSTUR Í ÞJÓÐARBÚSKAPNUM

Flugrekstur á Íslandi á sér langa sögu en mestu breytingar undanfarin ár felast í tilkomu og vexti lággjaldaflugfélaga. Þau hafa valdið straumhvörfum í fjölda ferðamanna til landsins og reyndar um heim allan.

Frá árinu 2010 hefur verðmætasköpun í flugrekstri vaxið umtalsvert meira en í þjódarbuinu í heild. Þar skiptir sköpum alþjóðlegt leiðarkerfi íslenskra flugfélaga um Keflavíkurlugvöll en þar hafa markmiðin verið þrjúþætt: Að sinna litlum heimamarkaði, byggja upp heilsársferðabjónustu samhliða uppbyggingu innviða með alþjóðlegum tengingum.


Tengiflug gerir flugfélögum kleift að stækka leiðarkerfið og auka hagkvæmni með bættari nýtingu á flugvélum og tilheyrandi framleiðniaukningu, ekki síst á vinnuafli. Tengiflug stækkar markaðssvæði flugfélaga og skapar ný viðskiptatækifæri, ekki bara fyrir ferðabjónustu heldur atvinnulífið allt. Sumarið 2018 var hægt að fljúga til um 90 áfangastaða með 28 flugfélögum²⁰ frá Íslandi. Veturinn 2018–2019 er gert ráð fyrir fækkun flugfélaga og munu 16 farþegaflugfélög og 2 farmflutningafélög fljúga til landsins.

Mynd 9 sýnir að á árinu 2010 mátti rekja um 2,6% af framleiðsluverðmætum (VLF) hér á landi beint til farþegaflutninga með flugi og margvíslegrar tengdrar bjónustu. Verðmætasköpun í flugi og tengdri starfsemi náði hámarki á árinu 2016, þá hafði hún vaxið í 4,3% af VLF en lækkar í 4,1% á árinu 2017 sem helst má rekja til verri afkomu í flugrekstri. Sú neikvæða þróun hefur haldið áfram á árinu 2018.

Mynd 9 Farþegaflutningar og þjónustustarfsemi tengd flutningum með flugi²¹

FLUGREKSTUR OG SAMKEPPNI

Íslensk flugfélög hafa lengi átt í alþjóðlegri samkeppni en undanfarið ár gerði verðstrið á heimamarkaði vart við sig og fargjöld lækkuðu það mikið að draga má í efa að ásættanleg framlegð hafi verið til staðar. Rekstrarumhverfi innlendra flugfélaga hefur ekki verið öfundsvort undanfarin misseri, en þar hefur farið saman hraður vöxtur, hörð samkeppni, sterkari króna, miklar launahækkningar og hátt olíuverð. Á sama tíma lækkar verð á flugfarmaða sem er andstætt því sem hefur verið að gerast í öðrum atvinnugreinum ferðabjónustu eins og mynd 10 rekur. Hátt raungengi á hlutfallslegum launakostnaði sýnir líka verri samkeppnisstöðu landsins almennt í viðskiptum við útlönd.

Mynd 10 Farþegaflutningar með flugi og tengd þjónustustarfsemi²²

Það er nokkuð ljóst að flugfélög hefðu þurft að hækka verð til að standa undir kostnaði. Íslensk flugfélög eru lítil í stóra samhenginu og geta illa keppt við stóra alþjóðlega rísa samhliða því að vera í ósjálfbærri samkeppni á heima-markaði. Það er ekki hægt að horfa fram hjá þeirri staðreynd að til lengri tíma litið er góð lausa- og eiginfjárstaða það sem skiptir sköpum í fjármagnsfrekum samkeppnisrekstri.

FLUGREKSTUR OG ÁFANGASTAÐURINN


Farþegaflutningar til og frá Íslandi eru lífæð áfangastaðarins og þrátt fyrir fjölgun erlendra flugfélaga sem flytja ferðamenn til landsins er vægi íslenskra flugfélaga það hátt að ef þeirra þáttur bregst að einhverju leyti hefur það áhrif á ferðapjónustu í landinu og þjóðarþúið í heild til skemmri tíma að minnsta kosti.

Samkvæmt upplýsingum frá ISAVIA ohf. var hlutdeild íslensku flugfélaganna í farþegaflutningum árið 2018, með innlenda og erlendra ferðamenn til landsins, um 65%. Hlutfall erlendra ferðamanna er hátt, eða um 78% af þeim farþegafjölda. Hver framvindan verður er undir því komið hvað Ícelandair og erlendu flugfélögin, sem hafa verið að auka hlutdeild sína á undanförunum árum, geta aukið framboð sitt mikið til að vega upp samdrátt eða brotthvarf WOW air.

Íslensku flugfélögin tvö skipta svo á milli sín markaðnum með skiptifarþega. Á árinu 2015 hóf WOW air að fljúga til Norður-Ameríku og nýta Keflavíkurflugvöll sem skiptistöð en skiptifarþegar hafa verið mikilvægur markaður hjá Ícelandair um árabil.

Segja má að óvissan í flugrekstri og í ferðapjónustu endurspeglar í nýrri farþegasþá ISAVIA ohf. fyrir árið 2019. Þar er teiknuð upp allt önnur mynd en gert var ráð fyrir í byrjun árs 2018. Í stað 20% fjölgunar á skiptifarþegum um Keflavíkurflugvöll í ár fækkar þeim nú um 20%. Spáin gerir ráð fyrir að þessi þróun muni leiða til 2,4% fækkunar erlendra ferðamanna til landsins í stað 3% aukningar samkvæmt eldri spá. Það er umhugsunarefni.

Mynd 11 Farþegar/ferðamenn um Keflavíkurflugvöll og innbyrðis vægi



Heimild: ISAVIA ohf.

Á mynd 11 kemur fram að skiptifarþegum hefur fjölgað langt umfram aðra frá árinu 2015. Í ár er því spáð að vægi erlendra ferðamanna til landsins verði um 50% en vægi skiptifarþega er enn hærra en það var árið 2015 þrátt fyrir nokkra fækkun. Eðli málsins samkvæmt er vægi heima-markaðar lítið.

Í raun er ekki hægt að tala um ferðapjónustu á Íslandi í neinu samhengi án þess að fjalla um flugrekstur. Óvissa tengd flugi er enn til staðar en minna framboð á flugi til Bandaríkjanna mun sennilega draga úr fjölda bandarískra ferðamanna til landsins. Bandarískir ferðamenn hafa skilað mestum tekjum til fyrirtækja í ferðapjónustu undanfarin ár. Eins og fram kemur að ofan má áætla að neysla bandarískra ferðamanna hér innanlands hafi verið um 117 milljarðar kr. Kaup bandarískra ferðamanna á flugfargjöldum námu um 71 milljarði kr. á árinu 2017, eða um 40% af öllum gjaldeyristekjum íslenskra flugfélaga vegna flugfargjalda á því ári. Þetta eru farmiðakaup bandarískra ferðalanga til, frá, um og utan Íslands með innlendum flugrekendum.

Í fyrra fjölluðu SAF²³ um hagnýtingu ferðapjónustureikninga fyrir atvinnugreinina en þeir hafa það hlutverk að færa til bókar eftirspurn og neyslu ferðamanna á leið til og frá og á áfangastað; neyslu erlendra og innlendra ferðamanna. Eins og fram kemur í töflu 1 hér að framan, námu kaup erlendra ferðamanna á flugmiðum til Íslands um 66 milljörðum kr., en það er um þriðjungur af gjaldeyristekjum alls (180 milljarðar kr.) vegna farþegaflutninga með erlendra ferðamenn. Aðrar gjaldeyristekjur af farþegaflutningum með erlendra ferðamenn eru vegna skiptifarþega og vegna farþegaflutninga sem eru skráðir hér á landi en flytja erlendra ferðamenn milli áfangastaða utan Íslands.²⁴

Eins og fram hefur komið snýst uppbygging á Keflavíkurflugvelli að mestu um aðstöðu vegna skiptifarþega enda hafa umsvif vegna þeirra vaxið hraðar en aðrir markaðir. Þannig var hlutfall skiptifarþega á árinu 2015 3 af hverjum 10 farþegum í Flugstöð Leifs Eiríkssonar en í fyrra voru þeir 4 af hverjum 10. Í fyrra voru 1.255 stöðugildi²⁵ hjá ISAVIA ohf. en á árinu 2010 voru þau 707.

Í fyrra kom út skýrslan „Uppbygging flugvallakerfisins á Íslandi og efling innanlandsflugs“. Í skýrslunni kemur fram að verðteygni þeirra hópa sem fara um Keflavíkurflugvöll er nokkuð mismunandi og reyndust skiptifarþegar næmari fyrir verðbreytingum en aðrir hópar.

Starfsemi og uppbygging í Keflavík er fjármöggnuð með þjónustugjöldum sem skulu standa undir kostnaði og skila eðlilegum arði til eiganda.


Með vaxandi ferðamennsku og aukinni flugumferð skiptir öryggi sköpum. Hlutverk varaflugvalla er mikilvægt og uppbygging þeirra er löngu tímabær. Stóra áskorunin núna, á öræðum tíma, er að stíga varlega til jarðar, ekki síst í gjaldtöku og hækkun þjónustugjalda, taka mið af efna-hagslegum styrk fyrirtækja á mismunandi mörkuðum,

styrk og stöðu einstakra viðskiptahópa og hvernig þau ríma við önnur markmið, s.s. um uppbyggingu á ferðapjónustu um allt land og nauðsynlegar samgöngubætur þar að lútandi.

Í nýrri skýrslu sem Hagfræðistofnun Háskólans vann fyrir Bygðastofnun kemur fram að ekki aðeins höfuðborgarsvæðið, Suðurnes og Suðurland hafa notið ávaxtar af uppbyggingu í ferðapjónustu. Áhrifa ferðapjónustunnar gætir líka á Vesturlandi, Norðurlandi vestra og eystra en áhrifin eru minni á Vestfjörðum og Austurlandi og má ætla að fjarlægð frá Keflavíkurflugvelli og bágar samgöngur skipti þar mestu.

Í nýrri skýrslu OECD, „Analysing Megatrends to Better Shape the Future of Tourism (2018)“, er aukin hnattvæðing og hreyfanleiki fólks um heiminn einn af þeim meginstraumum (e. megatrend) sem munu hafa mótandi áhrif á rekstrarumhverfi fyrirtækja í ferðapjónustu næstu ár og áratugi; svo fremi sem brot á ferðafrelsi nái ekki yfirhöndinni í pólitískum áherslum í heiminum. Íslensk flugfélög hafa verið í útrás um árabíl, nýjasta dæmið er uppbygging umsvifa utan vesturstrandar Afriku, en þar hyggst Icelandair Group taka yfir rekstur flugfélagsins Cabo Verde Airlines. Vegna hagstæðrar legu Grænhöfðaeyja er hagkvæmt að bjóða þaðan upp á tengiflug yfir Atlantshafið, t.d. á milli fjölmennra svæða Suður-Evrópu, Mið-Afriku og Suður-Ameríku.

Mynd 12 Flugfarþegar um heiminn²⁶



Samlegðaráhrif af öflugum flugrekstri og ferðapjónustu fyrir lítið eyri eins og Ísland eru mikil og augljós. Hlutverk stjórnvalda er að sjá til þess að góð skilyrði fyrir flugstarfsemi séu fyrir hendi en það þarf jafnframt áhuga og stefnu bæði til lengri og skemmri tíma sem tekur mið af uppbyggingu á áfangastaðnum Íslandi. Til að það gangi eftir þarf að átta sig á hvernig mismunandi kraftar virka á mismunandi mörkuðum og setja fram skýra stefnu um framtíðina: þar hafa margir verk að vinna. Að lokum eru það flugfélögin sjálf sem eru ábyrg fyrir eigin örlögum með því að stunda sjálfbærar rekstur. Svo flýgur hver „fugl“ sem hann er fjarðarður.

ÁSKORANIR OG MEGINSTRAUMAR FRAMUNDAN

Í skýrslu OECD er jafnframt fjallað um aðra mikilvæga þætti sem munu hafa áhrif á breytt samskiptamynstur við ferðamenn í framtíðinni. Þar skiptir eftirfarandi mestu máli:

Ferðalög munu í ríkara mæli eiga fastan sess í neysluútgjöldum í heiminum, ekki síst vegna lýðfræðilegra breytinga sem eru að eiga sér stað; fólk verður eldra og er virkt lengur vegna betri heilsu. Jafnframt eru fjölmennir markaðir að opnast fyrir ferðamennsku, s.s. í Kína og á Indlandi.

Eftirspurn og krafan um sjálfbærni verður háværari; að þróun ferðapjónustu áfangastaða sé sjálfbær þegar kemur að losun gróðurhúsalofttegunda, vegna notkunar á landi, vatni og neyslu.

Þjónustan verður stafrænni, sjálfvirknivæðing (e. automation) og upplýsingabyltingar munu halda áfram að hafa áhrif á ferðahegðun. Neytendur, ferðamenn, munu í ríkara mæli skipuleggja ferðlög upp á eigin spýtur, þeir vafra, skoða og bóka með „klikki á öpp“ í símanum og þaðan kemur leiðsögnin á áfangastað. Tæknin mun halda áfram að móta aðstæður og möguleika til að ferðast um heiminn.

Skýrslan dregur jafnframt fram að sérstaða áfangastaða haldi þó áfram að skipta meginmáli og að líka felist tækifæri í vaxandi sjálfsafgreiðslu, sjálfvirknivæðingu, því að vel heppnað ferðalag er fyrst og fremst upplifun og þar mun áfram skipta meginmáli mannleg þjónusta og þjónustuvilji.

LOFTSLAGSMÁLIN OG FERÐAPJÓNUSTA


Umhverfismálin á sviði ferðapjónustu eins og á flestum öðrum sviðum eru stóru og mikilvægastu viðfangsefni nútímans. Sjálfbær og hagkvæm nýting auðlinda jarðar er orðin ein af lykilforsendum bættra lífskjara í framtíðinni. Ríkisstjórnin samþykkti aðgerðaáætlun í loftslagsmálum í september 2018 en hún er tæki stjórnvalda til að tryggja að Ísland nái markmiðum Parísarsamningsins til 2030 um kolefnishlutleysi árið 2040. Mestu skiptir koltvísýringur en losun hans stafar fyrst og síðast af notkun á olíu, gasi og kolum. Ein af megináherslum áætlunarinnar er að skipta olíu út fyrir umhverfisvæna orkugjafa.

Á síðasta ári birti Hagstofa Íslands upplýsingar um losun koltvísýrings (CO_2) fyrir hagkerfið Ísland. Þar kemur fram að losun af koltvísýringi í kílótonnum hafi verið meiri í ferðapjónustu á árinu 2016 en í framleiðslu málma. Á árinu 2016 nam losun í ferðapjónustu samkvæmt skilgreiningu²⁷ fyrirtækjasviðs Hagstofu Íslands 1.987 kílótonnum af CO_2 en í framleiðslu málma var hún um 1.679 kílótonn af CO_2 . Langstærsti hluti CO_2 -losunar í ferðapjónustu er vegna skráðra fyrirtækja í flugi hér á landi óháð því á hvaða markaði starfsemin er. Það kemur ekki á óvart að losun gróðurhúsalofttegunda í millilandaflugi hafi aukist gríðarlega þegar horft er yfir langt tímabil hér á landi. Það er í takt við það sem er að gerast í heiminum öllum og gera má ráð fyrir að þessi þróun eigi eftir að halda áfram í framtíðinni. Evrópusambandið hefur þess vegna gripið til aðgerða til að draga úr losuninni í Evrópu í samvinnu við alþjóðasamfélagið við að próa aðferðir með alþjóðamarkmið að leiðarljósi. Flugstarfsemin hér á landi fellur því undir

viðskiptakerfi sambandsins með losunarheimildir sem felur í sér að draga beint úr losun eða beita markaðslausnum með því að skikka fyrirtæki til að kaupa losunarheimild á markaði. Tilgangurinn er að búa til hagrænan hvata fyrir fyrirtæki til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Jafnframt heyrir stóriðja undir viðskiptakerfið og getur hún átt í viðskiptum með losunarheimildir.

Fyrir utan flugrekstur var losun á CO₂ í ferðapjónustu um 144 kílótonn eða um 2,6% af heildarlosun á árinu 2016.

Mynd 13 Losun koltvísýrings CO₂ í ferðapjónustu án flugsamgangna



Fyrirtæki í ferðapjónustu geta farið ýmsar leiðir til að stemma stigu við loftslagsbreytingum sem fara saman við markmið stjórnvalda en samkvæmt útreikningum Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands er það ekki eini ávinningurinn heldur er ávinningurinn líka fjárhagslegur þegar horft er til lengri tíma lítið; en þá þarf að fjárfesta í innviðum.

Sjálfbær, græn orkuöflun og orkunýting getur skapað sterka sérstöðu og ný tækifæri fyrir áfangastaðinn Ísland. Samkvæmt skoðanakönnunum er íslensk náttúra ímynd hreinleika og sérstök arfleifð helsta aðdráttaraflíð fyrir erlenda ferðamenn. Allt eru þetta atriði sem tíunduð eru sem mikill styrkur í vaxandi samkeppni um ferðamanninn. Ljóst er að leggja þarf í miklar aðgerðir í loftslagsmálum á næstu árum. Hér þarf að koma til árangursríkt samstarf stjórnvalda og atvinnulífs.

HORFUR FRAMUNDAN

Alþjóðaferðamálastofnunin gerir ráð fyrir 3-4% fjölgun erlendra ferðamanna um heiminn í ár, sem er minni vöxtur en undanfarin ár en í samræmi við sögulegan samanburð. Viðbrögð ferðamanna einkennist af „wait and see“ viðhorfi, m.a. vegna heldur verri hagvaxtarhorfa í heiminum, meiri verndarhyggju og aukinna áherslna á umhverfismál og umhverfisvernd. Stofnunin telur að eftirspurn ferðamanna beinist í meira mæli að heilsu- og íþróttatengdri ferðamennsku næstu ár, að lýðfræðilegar breytingar kalli á nýjar áherslur og að krafan um sjálfbærni fái meira vægi.

Ferðapjónusta er fjölbreytt atvinnugrein en jafnframt „ein atvinnugrein“ sem sameinar þjónustu við ferðamanninn/viðskiptavininn á ferðalagi til og frá landinu og um Ísland. Í skýrslu Alþjóðaefnahagsráðsins frá árinu 2017 kemur fram að Ísland er í 1. sæti yfir samkeppnishæfustu ferðamannalönd í heimi þegar kemur að hreinu vatni, jarðvarma, mannauði á vinnumarkaði, tengjanleika í flugumferð, aðgengi að bílaleigum og nettengingu. Styrkleikur Íslands er líka mikill þegar kemur að friði og öryggi. Á hinn bóginn er samkeppnin ekki góð þegar kemur að verðlagi, á þann mælikvarða er Ísland í 132. sæti af 136 þjóðum.

Vel heppnað ferðalag er fyrst og fremst upplifun og þar mun áfram skipta miklu máli menntað vinnuafli, mannleg þjónusta og þjónustuvilji; þar liggja tækifærin ekki síður samhliða vaxandi sjálfvirknivæðingu. Auknar áherslur á umhverfismál og græna orkugjafa, samfélagsábyrgð og viðskiptasiðferði munu líka hafa mikil áhrif á samkeppnishæfni áfangastaða næstu árin. Í þeim áskorunum skiptir stöðugt og fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfið miklu; ekki síst fyrir smáiríki eins og Ísland.

¹ Peningamál 1/2019.

² Fyrstu 9 mánuði ársins er hlutfallið 4,3%.

³ Breyting á meðaltali milli ára. Ef tekið er mið af breytingum frá upphafi til loka árs lækkaði gengi krónunnar um 6,4%.

⁴ M.a. til að bregðast við útlæði fjármagns og óvissu sem var að skapast á flugmarkaði og þá sérstaklega um afdrif WOW air.

⁵ Á þriðja ársfjórðungi var hrein staða við útlönd jákvæð um 368 milljarða kr.

⁶ Vextir fylgja verðlagspróun eða vísibendingum um verðhækkunir.

⁷ Vaxtahækkun er liður í áhættustjórnun Seðlabankans.

⁸ Um Keflavíkurflugvöll.

⁹ Alþjóðaferðamálastofnunin (UNWTO).

¹⁰ Hagstofa Íslands, þjónustuviðskipti.

¹¹ Ýmsir ytri þættir, s.s. efnahagsástand á mikilvægum mörkuðum, geta breyst til hins verra, heimsmarkaðsverð á olíu hækkað, ferðalög dregist saman eða aukist hratt vegna líffræðilegra breytinga, umhverfisþátta eða tæknibreytinga.

¹² Hagstofa Íslands, ferðapjónustureikningar og eigin útreikningar. Neysla erlendra ferðamanna samkvæmt ferðapjónustureikningum framreiknuð með kortaveltu frá Rannsóknasetri verslunarinnar (RSV).

¹³ Án vefsíðna, í bilum og innigisting.

¹⁴ Ekki tæmandi heimild en ætti að gefa góða vísibendingu.

¹⁵ Án flugfargjalda í millilandaflugi.

¹⁶ Mælaborð Ferðamálastofu.

¹⁷ Ýmsir ytri þættir, s.s. efnahagsástand á mikilvægum mörkuðum, getur breyst til hins verra, heimsmarkaðsverð á olíu hækkað, ferðalög dregist saman eða aukist hratt vegna breytinga í lýðfræðilegri samsetningu, umhverfisþátta eða tæknibreytinga.

¹⁸ Einkennandi greinum.

¹⁹ Vert er að taka fram að hvorki fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra né Samkeppniseftirlitið halda sérstaklega utan um fjölda samruna og yfirtaka í ferðapjónustu.

²⁰ Hafa verður í huga að enginn greinarmunur er gerður á því hvort viðkomandi sé í hlutastarfi eða fullu starfi. Í öðru lagi verður að hafa í huga að heimilin í landinu eru í sínu daglega lífi jafnan stór viðskiptahópur fyrirtækja í „einkennandi ferðapjónustugreinum“. Samkvæmt ferðapjónustureikningum Hagstofu Íslands er eftirspurn ferðamanna í heildarframboði einkennandi atvinnugreina í ferðapjónustu um 59% sem gefur ákveðna vísibendingu um fjölda starfa, sem gæti verið um 8-9% (viðlíka og vægi hennar í VLF).

²¹ ISAVIA ohf. Luxair mun ekki fljúga aftur hingað næsta sumar og Primera Air er hætt starfsemi.

²² Atvinnugrein 52.23 þjónustustarfsemi tengd flutningum með flugi 51.1 og Farþegaflutningar með flugi.

²³ Atvinnugrein 52.23 þjónustustarfsemi tengd flutningum með flugi 51.1 og farþegaflutningar með flugi.

²⁴ Saf.is/Hitamælir /Ferðapjónustureikningar ágúst 2018.

²⁵ Dæmi: Fyrirtækið Primera Air var skráð á Íslandi þannig að gjaldþrot fyrirtækisins mun hafa áhrif á gjaldeyriskjör landsins þrátt fyrir að fyrirtækið hafi aðallega verið að flytja ferðamenn utan Íslands. Flugfélagið Air Atlanta er alþjóðlegur flugrekstaráðili skráður á Íslandi þannig að tekjur þess af farþegaflutningum með erlenda ferðamenn eru gjaldeyriskjör af farþegaflutningum hér á landi en flokkast ekki sem gjaldeyriskjör í ferðapjónustureikningum.

²⁶ Morgunverðarfundur ISAVIA ohf. 29. janúar 2019.

²⁷ OECD, Analysing Megatrends to Better Shape the Future of Tourism (2018), IATA (2016).

²⁸ Samkvæmt ferðapjónustureikningum er vægi áfangastaðarins um 38% af farþegaflutningum ársins 2016.

ÍSLAND ALLT ÁRIÐ – UM VERKEFNIÐ

Íslandsstofa er öflugur samstarfsvettvangur atvinnulífs og stjórnvalda og miðar að því að auka gjaldeyristekjur þjóðarinnar með þróttmiklu starfi í þágu íslenskra útflutningsgreina. Íslandsstofa er vettvangur markaðs- og kynningarmála landsmanna á erlendri grund. Markmið Íslandsstofu er að vera lykilaðili í alþjóðasamskiptum, með víðtækan aðgang að samtengdu hagsmunaneti heima og erlendis. Á árinu 2019 voru gerðar breytingar á stjórnarháttum Íslandsstofu og var skipun Björgólfs Jóhannssonar sem formanns stjórnar Íslandsstofu liður í því. Í kjölfarið var Pétur Þ. Óskarsson ráðinn framkvæmdastjóri og hefur verið unnið að skipulagsbreytingum innan stofnunarinnar síðustu mánuði.

FAGRÁÐ ÍSLANDSSTOFU

Innan Íslandsstofu eru starfandi fagráð fyrir ýmsar atvinnugreinar, t.d. fagráð um áherslur í markaðs- og kynningarmálum erlendis á sviði ferðapjónustu. Fagráðinu er ætlað að vera faglegt ráðgefandi bakland til stjórnar Íslandsstofu um málefni ferðapjónustunnar og langtímastefnumótun. Í fagráðinu eru 11 manns og þar af sex félagsmenn SAF.

ÍSLAND ALLT ÁRIÐ – UM VERKEFNIÐ

Verkefnið Ísland allt árið er markaðsverkefni sem hófst haustið 2011 og er stærsta verkefni sem íslensk ferða-



Icelandic Pledge hnappur vígður í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.



Inga Hlín Pálsdóttir, forstöðumaður hjá Íslandsstofu fjallar um verkefnið Ísland allt árið.



Í umsögn dómnefndar segir að Bjórböðin hafi verið opnuð í júní 2017 og þegar vakið mikla athygli, bæði hérlandis sem erlendis enda er slík böð ekki að finna hvar sem er í heiminum.

þjónusta og stjórnvöld hafa sameinast um. Verkefnið snýst um að stórauka vetrarferðapjónustu um land allt. Það er samþætt markaðsverkefni og er unnið undir vörumerkinu Inspired by Iceland á erlendum mörkuðum. Samstarfsaðilar að verkefninu voru upphaflega atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Samtök ferðapjónustunnar, Icelandair, ISAVIA, Reykjavíkurborg, Landsbankinn og Samtök verslunar og þjónustu. Markaðsverkefnisátakið er rekið af Íslandsstofu og er umsjón með verkefninu á hendi sérstakrar stjórnar þar sem aðilar að samningnum eiga sæti. SAF eiga þar fulltrúa fyrir hönd félagsmanna samtakanna. Markmið verkefnisins er að stuðla að sameiginlegu erlendu markaðs- og kynningarverkefni fyrir Ísland og íslenska ferðapjónustu beint til neytenda á völdum mörkuðum ásamt því að bæta samkeppnisstöðu Íslands. Aukin arðsemi fyrirtækjanna er forsenda þess að fyrirtækin geti stundað vöruþróun, fræðslu- og gæðastarf og öfluga markaðssetningu, auk þess sem hún leiðir til fleiri heilsársstarfa og betra jafnvægis.

Unnið hefur verið samfellt markaðsstarf í samræmi við tilgang og markmið verkefnisins frá upphafi og eru þátttakendur upplýstir með bæði fundum og áfangaskýrslum. Helstu markmið verkefnisins eru að jafna árstíðasveiflu og dreifingu ferðamanna um allt land, sérstaklega yfir vetrartímenn. Þá skal leitast við að auka meðalneyslu ferðamanna á Íslandi og gjaldeyristekjur af íslenskri ferðapjónustu. Verkefninu er einnig ætlað að efla vitund gagnvart Íslandi sem heilsársáfangastað og viðhalda ánægju ferðamanna.

ÍSLAND ALLT ÁRIÐ 2017–2019

Núgildandi fasi verkefnisins tekur til áranna 2017, 2018 og 2019. Stjórnvöld leggja til allt að 200 milljónir á þessu ári gegn jafn háu mótframlagi frá samstarfsaðilunum. Í febrúar kynnti Íslandsstofa að verkefni þessa árs myndu byggjast á kynningu með tengingu við HM í handbolta, 30 ára tímamót bjórsölu á Íslandi, 20 ára tímamót Iceland Naturally, kynningu á gæðum kranavatns o.fl.



Fosshótel Húsavík hlaut viðurkenningu Vakans nýverið. Erla Torfadóttir og Eyrún Torfadóttir með viðurkenningu Vakans.



Björböðin á Ársskógssandi hlutu nýsköpunarverðlaun SAF 2019. F.v. Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður SAF, Agnes Sigurðardóttir og Ólafur Þróstur Ólafsson, eigendur Björbaðanna, og frú Eliza Reid forsetafrú.

Helstu markmið með Ísland allt árið eru áfram að jafna árstíðasveiflu í ferðapjónustu og styrkja viðhorf og vitund gagnvart Íslandi sem heilsársáfangastað og að auka meðalneyslu ferðamanna. Þá á m.a. að fara í herferðir á samfélagsmiðlum, styrkja stoðir undir áhrifavalda og almannatengsl og efla verkafærakistu í markaðsmálum. Markaðssetningin fer fram undir formerkjum Inspired by Iceland.

NÝSKÖPUNARVERÐLAUN SAF 2018

Tilnefningar til nýsköpunarverðlaunanna endurspeglar mikla grósku og nýsköpun í afþreyingu sem og í ýmsum nettengdum þróunarverkefnum. Dómnefnd var að þessu sinni einhuga í vali á því fyrirtæki sem hlaut nýsköpunarverðlaun SAF 2018 – Björböðin á Ársskógssandi.

Í umsögn dómnefndar segir að Björböðin hafi verið opnuð í júní 2017 og þegar vakið mikla athygli, bæði hérlendis sem erlendis enda er slík böð ekki að finna hvar sem er í heiminum. Fyrirtækið kom því ekki aðeins nýtt inn á markaðinn, heldur kom það inn með glænýja upplifun þar sem vellíðan og slökun gegnir lykilhlutverki á nýstárlegan hátt.

Umsögn dómnefndar má lesa í heild sinni HÉR.

FERÐAMÁLARÁÐ

Í nýjum lögum um Ferðamálastofu er gert ráð fyrir skipun níu fulltrúa í ferðamálaráð. Ráðherra ferðamála skal skipa

formann og varaformann án tilnefningar. Þá skulu eiga sæti í ráðinu fulltrúi ráðherra sem fer með fjármál og tekjuöflun ríkisins, fulltrúi ráðherra sem fer með málefni náttúruverndar og skipulags og fulltrúi ráðherra sem fer með málefni samgangna og byggða- og sveitarstjórnarmála. Aðra fulltrúa skipar ráðherra eftir tilnefningu Samtaka ferðapjónustunnar sem tilnefna tvo fulltrúa og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem tilnefnir tvo fulltrúa og skal annar þeirra vera fulltrúi markaðsstofa landshlutanna. Skipunartími ferðamálaráðs er fjögur ár en skipunartími formanns, varaformanns og ráðherra-skipaðra fulltrúa skal þó takmarkaður við embættistíma viðkomandi ráðherra. Ferðamálaráð er ráðherra til ráðgjafar um langtímastefnumótun og áætlanagerð í ferðamálum. Ferðamálaráð skal hafa yfirsýn yfir fjölþætt eðli ferðapjónustunnar og vinna að samræmingu milli greinarinnar og stjórnvalda svo ná megi skilgreindum markmiðum langtímastefnumótunar um framtíðarþróun ferðapjónustunnar.

GÆÐA- OG UMHVERFISKERFIÐ VAKINN

Undanfarna mánuði hefur verið unnið að breyttu fyrirkomulagi Vakans. Helsta breytingin er sú að Ferðamálastofa hefur gengið til samstarfs við nokkrar skoðunar- og vottunarstofur vegna úttekta og býðst umsækjendum svo og núverandi þátttakendum að velja á milli þeirra til að sinna eftirliti. Nýtt fyrirkomulag felur einnig í sér nýja hugsun þar sem umsækjendur taka aukna ábyrgð og virkari þátt í því að innleiða og viðhalda virku gæða- og umhverfiskerfi í fyrirtæki sínu. Á vef Vakans má finna nánari upplýsingar um nýja fyrirkomulagið. Sérstaklega er bent á nýja útgáfu af almennum gæðaviðmiðum sem hafa verið styttn og gerð hnitmiðaðri og eiga nú við báða flokka; gistingu og ferðapjónustu aðra en gistingu. Loks má geta þess að stjórnuflokkun verður áfram í boði fyrir hótél, en annars konar gistipjónustu býðst að verða viðurkennt (certified) gistiheimili, viðurkennt hostel, viðurkennt tjaldsvæði o.s. frv. Vakinn er byggður á nýsjálensku gæðakerfi fyrir ferðapjónustu sem kallast Qualmark. Mikil vinna hefur verið lögð í að staðfæra kerfið og laga að íslenskum aðstæðum, að því hefur komið fjöldi aðila úr ferðapjónustu og sérfræðingar á ýmsum sviðum. Ferðamálastofa stýrir Vakanum en verkefnið var upphaflega unnið í samvinnu við Samtök ferðapjónustunnar, Nýsköpunarmiðstöð og Ferðamálasamtök Íslands og eiga SAF fulltrúa í stýrihóp Vakans.

ÚRSKURÐARNEFND SAF OG NEYTENDASAMTAKANNA

Starfandi er úrskurðarnefnd SAF og Neytendasamtakanna sem tekur fyrir mál ferðapjónustunnar. Neytendalöggjöf er sífellt að verða strangari og nauðsynlegt að fyrirtækin taki tillit til þess í starfsemi sinni. Ísland á aðild að fjölþjóðlegum samningum um neytendavernd og geta einstaklingar, sem telja sig hafa orðið fyrir tjóni, leitað til úrskurðarnefndar í heimalandi sínu sem sendir málið áfram til úrskurðarnefndar hér á landi.



Helena Karlsdóttir, lögfræðingur hjá Ferðamálastofu fjallar um Óskalög ferðapjónustunnar.



Ráðherrar og framkvæmdastjóri SA í pallborði á Ferðapjónustudegi SAF 2018.

NÝ PERSÓNUVERNDARLÖGGJÖF

Ný lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 tóku gildi á Íslandi 15. júlí 2018. Með lögnum var leidd í íslenskan rétt persónuverndarreglugerð Evrópusambandsins en um er að ræða umfangsmestu breytingar á evrópskri persónuverndarlöggjöf í rúm 20 ár. Helstu nýmælin, til viðbótar við fyrri lög, eru kröfur um öryggi, rétt einstaklinga til aðgangs og flutnings á gögnum til viðbótar við réttinn til að gleymast, strangari kröfur til fyrirtækja um vinnslu og samþykki ásamt ýmsum öryggiskröfum og varúðarreglum. Þá eru einnig verulegar breytingar á sektarheimildum. SAF hafa á árinu útbúið gátlista fyrir fyrirtæki um atriði sem vert er að hafa í huga vegna þessara breytinga og þá hafa Samtök atvinnulífsins birt ítarlegar upplýsingar og fróðleik um þessi mál inni á vinnnumarkaðsvef á heimasíðu samtakanna.

LÖG UM PAKKAFERÐIR OG SAMTENGDA FERÐATILHÖGUN

Ný lög um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun tóku gildi 1. janúar síðastliðinn. Meginmarkmið laganna er að tryggja hag þeirra sem kaupa pakkaferðir eða ferðir sem settar eru saman fyrir tilstuðlan seljanda. Viðskipti í gegnum netsíður hafa gjörbylt möguleikum ferðamanna á að setja saman eigin ferðir. Með lögnum er gildissvið fyrri löggjafar útvíkkað annars vegar með útvíkkun hugtaksins

pakkaferð og hins vegar með því að nú munu lögin einnig taka til samsetningar ferða á netinu sem kallast „samtengd ferðatilhögun“ (Linked Travel Arrangements – LTA). Aðrar meginbreytingar fela í sér aukna upplýsingaskyldu til ferðamanna og gagnkvæma viðurkenningu allra EES-riksa á tryggingakerfum hvers annars. Lögin og reglur þeim fylgjandi munu hafa viðtækari áhrif en áður á starfsemi ferðapjónustufyrirtækja, s.s. bókunarsíður, upplýsingamiðstöðvar, hótél og bílaleigur. SAF hafa á árinu boðið upp á félagsfundi um nýja löggjöf og væntanlega reglugerð. Þá hafa SAF einnig unnið að því að bæta tryggingaumhverfi fyrirtækja í tengslum við alferðatryggingar.

LÖG UM FERÐAMÁLASTOFU

Ný lög um Ferðamálastofu tóku gildi 1. janúar en um talsverðar breytingar er að ræða á lögnum frá fyrri lögum um skipan ferðamála. Með lögnum er Ferðamálastofu ætlað að stuðla að þróun ferðapjónustu sem mikilvægrar og sjálfbærrar grunnstoðar í íslensku samfélagi að teknu tilliti til þolmarka íslenskrar náttúru og samfélags ásamt því að vinna að samræmingu, greiningum og rannsóknum í ferðapjónustu með hliðsjón af stefnu stjórnvalda. Með lögnum er einnig verið að færa markaðsmál með skýrum hætti frá Ferðamálastofu yfir til Íslandsstofu. Skilgreiningar nýrra laga taka mið af þeim skilgreiningum sem ný tilskipun og löggjöf um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun fela í sér og má þar m.a. nefna að hugtakið ferðaskipuleggjandi fellur út en í staðinn kemur ferðasali dagsferða. Þá er í nýjum lögum um Ferðamálastofu gert ráð fyrir að allir leyfishafar skili inn öryggisáætlunum og að ráðherra geti sett nánari reglur um öryggismál.

SAMGÖNGUR OG GJALDTAKA

Á árinu hefur umræða um gjaldtöku í samgöngum verið áberandi. Þar hafa veggjöld fyrir akstur í gegnum göng og stofnæðar út frá höfuðborgarsvæðinu verið í eldlinunni. Samtök ferðapjónustunnar hafa ekki tekið afstöðu



Ný lög um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun tóku gildi 1. janúar síðastliðinn. Meginmarkmið laganna er að tryggja hag þeirra sem kaupa pakkaferðir eða ferðir sem settar eru saman fyrir tilstuðlan seljanda.

til veggjaldanna en hafa þó bent á að mikilvægt er að þeir greiði sem aki eða leggi og að unnið verði að leið þar sem hægt verði að krefja ökumenn um gjald eins fljótt og mögulegt er eftir að ekið er um gjaldsvæði. Í þessu samhengi hafa SAF átt í samskiptum við forsvarsmen Vaðlaheiðarganga í tengslum við opnun þeirra. Þar hafa hnökrar komið upp í gjaldtöku sem nauðsynlegt er að leysa og tengjast bílaleigubílum, hópbifreiðum og almennum neytendamálum eins og merkingar o.fl. Samtökin hafa einnig verið í samskiptum við Computer Vision sem reka bílastæðainnheimtu í Þingvallabjórðgarði og Vatnajökulsbjórðgarði um að einfalda innheimtukerfi með það að markmiði að geta kafið ökumenn sem ekki greiða á staðnum um gjöld um leið og bifreið er skilað.

REKSTRARUMHVERFI BÍLLEIGUFYRIRTEKJA

Samtök ferðapjónustunnar hafa lengi bent á að bílaleigubílar eru atvinnutæki en ólíkt öðrum ökutækjum bera umrædd ökutæki full vörugjöld frá síðustu áramótum. SAF hafa ítrekað bent stjórnvöldum á að í kjölfar hækkunar á vörugjöldum bílaleigubifreiða muni hægja á kaupum á bílaleigubílum með tilheyrandi áhrifum á aldur flotans, öryggi og gæði þrátt fyrir vöxt og þrýsting á eftirbílmarkað. SAF hafa undanfarið tekið þátt í vinnu með stjórnvöldum sem hefur það að markmiði að skoða vörugjaldaumhverfi bílaleigubifreiða m.t.t. þess að geta selt ökutækin úr landi án vörugjalda að ákveðnum tíma liðnum og einfalda þannig eftirmarkað með bíla hér á landi. Slík aðgerð myndi einnig

auka öryggi og gæði bílaleigubíla hér á landi ásamt því að stuðla frekar að orkuskiptum. Einnig hefur verið í umræðunni að gera leigu á erlendum bílaleigubílum heimila hér á landi með takmörkunum og gæti slík heimild létt á topp eftirspurnartímabils.

KRÖFUR UM MÖNNUN OG BÚNAÐ FARÞEGASKIPA

Samgöngustofa hefur í mörg ár unnið að kröfum um mönnun og búnað farþegaskipa í útsýnis- og skoðunarferðum. Tillögur Samgöngustofu hafa þótt afar íþyngjandi fyrir útgerðir umræddra farþegaskipa og hafa SAF lagt fram ábendingar og hugmyndir til að gera kröfur um mönnun skýrari með tilliti til öryggis farþega. Samtökin hafa átt í samræðum við forsvarsmenn Samgöngustofu um mönnunarreglur og eru þær nú til meðferðar hjá samgönguráðuneytinu og Samgöngustofu. Þá hafa samtökin einnig átt í samræðum við samgönguráðneyti um ferli mönnunarmála m.t.t. til menntunar og þekkingar skipverja sem starfa á skipum í útsýnis- og skoðunarferðum.

STJÓRNSTÖÐ FERÐAMÁLA – GJALDTAKA

Stjórnstöð ferðamála hefur á undanförunum misserum fjallað um gjaldtöku af ferðamönnum og hvernig slíkri gjaldtöku skuli háttað. Verkefnið var sett af stað á grundvelli þess sem fram kemur í ríkisstjórnarsáttmála um að skoða álagningu komugjalda frá 2020. Starfshópur skipaður aðilum Stjórnstöðvar ferðamála hefur unnið að greiningu á möguleikum í gjaldtöku en afstaða SAF er fyrst og fremst sú að skatttekjur af ferðmönnum ættu að nægja til að standa straum af uppbyggingu innviða á vegum hins opinbera. Á meðan umræður um gjaldtöku hafa verið í gangi hafa aðrar hugmyndir komið upp á yfirborðir, s.s. um veggjöld og sérleyfisgjöld, og er það skýr krafa SAF að vinna vegna hvers konar gjaldtöku sem tengist ferðapjónustu verði samrýmd og ákvarðanir teknar með heildarhagsmunum í huga.

EFLT EFTIRLIT MEÐ HEIMAGISTINGU

Á ferðapjónustudaginn 2018 kom fram í samræðum Þórdísar Kolbrúnar R. Gylfadóttur, ferðamálaráðherra, og Halldórs Benjamíns Þorbergssonar, framkvæmdastjóra SA, að gera þyrfti átak í að uppræta svarta starfsemi í heimagistingu. Ráðherra ákvað í kjölfarið að setja 64 milljónir í auknið eftirliti með heimagistingu og þeim sem eru að reka hefðbundna gistingu í skjóli heimagistingar eða án allra leyfa. Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu hefur farið með málefni heimagistingar og fékk því fjármagn til að efla sviðið. Fjármagnið hefur verið nýtt til að fjölga starfsfólki á eftirlitssviði sýslumannsembættisins og mynda aðgerðateymi sem þegar hefur skilað hátt í 100% aukningu á skráningum og yfir 70 milljónum í álagðar sektir. Vonir standa til að átakan verði framhaldið og það fært yfir á fleiri greinar í samfélaginu þar sem ólögleg starfsemi hefur hamlað eðlilegri samkeppni.



Frá fundi með Vegagerðinni og Reykjavíkurborg um vetrarpjónustu.



Formaður og framkvæmdastjóri SAF áttu fund með Magnúsi Guðmundssyni framkvæmdastjóra Vatnajökulsbjórðgarðs þar sem farið var yfir málefni þjórðgarðsins og ferðapjónustunnar.

ÓLÖGLEG STARFSEMI OG FÉLAGSLEG UNDIRBOÐ

Á starfsárinu hafa samtökin unnið að greinargerð um ólöglega starfsemi og félagsleg undirboð. Þar hefur verið tekið saman hvaða lög gilda um þá starfsemi í ferðapjónustu þar sem hvað mest hefur borið á ólöglegri starfsemi. Helst er um að ræða hópbifreiðafyrirtæki og afþreyingu undir leiðsögn sem verða fyrir barðinu á erlendum aðilum sem starfa ólöglega innan íslenskrar lögsögu. Í greinargerðinni eru lagðar til úrbætur sem stjórnvöld geta hrint í framkvæmd en samhliða vinnu við greinargerðina hafa samtökin nálgast opinbera eftirlitsaðila með það að markmiði að fá þá að borðinu til að auka slagkraft mögulegra aðgerða. SAF hafa lagt áherslu á að komandi sumar verði nýtt til að hefja aðgerðir og stöðva þá aðila sem stunda ólöglega starfsemi og félagsleg undirboð í ferðapjónustu á Íslandi.

INNANLANDSFLUG

Fyrirkomulag og framkvæmd innanlandsflugs hefur lengi verið þrætuepli Íslendinga. Flestir telja innanlandsflug mikilvægt en fæstir vilja greiða fyrir það. SAF hafa átt fundi með forsvarsmönnum ISAVIA um rekstrargrundvöll innanlandsflugs þar sem aðilar eru sammála um að aðgerða sé þörf með auknu viðhaldi og flugvallastæðum á skilgreindum varaflugvöllum alþjóðaflugs. Þá hefur nefnd samgönguráðherra um innanlandsflug og rekstur flugvalla skilað tillögum sem verið er að kynna um þessar mundir. Hugmyndir hafa komið fram um niðurgreiðslu á flugi íbúa á landsbyggðinni og að sameina varaflugvelli alþjóðaflugs við rekstur ISAVIA ásamt hóflegu farþegagjaldi. Ekki er einhugur um þær hugmyndir sem þar koma fram en í því samhengi er mikilvægt að greina þörfina á innanlandsflugi og með hvaða hætti innanlandsflug verður rekið í samræmi við þarfir. Samtökin hafa einnig átt í samskiptum við Samgöngustofu og samgönguráðuneytið vegna réttinda- og flugöryggismála.

SAF TÓKU ÞÁTT Í RÁÐHERRAFERÐUM TIL NÝJA-SJÁLANDS OG BANDARÍKJANNA

Tvö ráðuneyti skipulögðu kynnisferðir ráðherra erlendis á árinu til að efla þekkingu og upplýsingaskipti í ferðamálum við samstarfsþjóðir. Formaður SAF tók þátt í heimsókn umhverfisráðherra til Þjóðgarðastofnunar Bandaríkjana, en með í för voru meðal annarra fulltrúar Þjóðgarða og Umhverfisstofnunar. Heimsóttar voru höfuðstöðvar stofnunarinnar en einnig lögð áhersla á vettvangsheimsóknir í Þjóðgarða til að kynnast starfi og skipulagi. Framkvæmdastjóri SAF tók þátt í heimsókn ferðamálaráðherra til Nýja-Sjálands þar sem m.a. voru heimsótt þarlend ráðuneyti ferðamála og náttúruverndarmála og fundað með fulltrúum ferðapjónustufyrirtækja, opinberra stofnana sem tengjast ferðapjónustu og heildarsamtaka ferðapjónustu í landinu. Auk fulltrúa atvinnuvegaráðuneytisins voru ferðamálastjóri og framkvæmdastjóri Stjórnstöðvar ferða-

mála með í för. Ljóst er að slík bein samvinna við ráðuneyti og opinberar stofnanir varðandi þekkingaröflun og úrvinnslu upplýsinga og reynslu annarra þjóða skiptir atvinnugreinina miklu, ekki síst þegar kemur að stefnumótun til framtíðar. Slíkt samstarf styrkir traust og skilning milli atvinnugreinarinnar og hins opinbera og ýtir undir sam-eiginlegan skilning og samvinnu á milli aðila.

ATVINNUMÁL Í ÞJÓÐGÖRÐUM

Málefni Þjóðgarða hafa verið flutt undir eitt og sama ráðuneyti umhverfismála og er það að mati SAF til hins góða. Einnig er verið að ræða hugmyndir um að stofna sérstaka Þjóðgarðastofnun sem að mati SAF er til mikillar einföldunar og samræmingar. Þá er að störfum nefnd sem er að kanna mögulega stofnun miðhálendisþjóðgarðs en SAF hafa tekið þátt í viljayfirlýsingu á þeim vettvangi. Þingvallarþjóðgarður og Vatnajökulsþjóðgarður eru báðir að undirbúa stefnumörkun um starfsemi Þjóðgarðanna og hafa SAF bent á mikilvægi þess að atvinnustefna verði unnin samhliða almennri stefnumörkun. Það er mat samtakanna að Þjóðgarðarnir eigi að hafa fulla yfirsýn yfir þá starfsemi sem á sér stað innan garðanna og marki kröfur til rekstraraðila um þekkingu og sjálfbærni í gegnum atvinnustefnu. Samtökin hafa átt í góðum samskiptum við forsvarsmenn Þjóðgarðanna og er mikill vilji beggja vegna að efla þau samskipti.



Úr ráðherraferð til Nýja-Sjálands.



Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF, í heimsókn til Nýja-Sjálands.



Útsýni frá Syðri Hágönga á Sprengisandi.

UMHVERFISNEFND

Innan SAF er starfandi umhverfisnefnd sem skipuð er af stjórn og starfar samkvæmt erindisbréfi og starfsreglum sem stjórn samtakanna hefur sett henni. Nefndin hefur unnið að stefnu SAF í auðlindamálum, náttúruvernd og öðrum málum sem snerta ferðapjónustu og umgengni við náttúruna.

UMHVERFISDAGUR ATVINNULÍFSINS – LOFTSLAGSMÁL

Samtök ferðapjónustunnar stóðu ásamt öðrum aðildarfélögum innan Samtaka atvinnulífsins að Umhverfisdegi atvinnulífsins þann 17. október 2018. Metnaðarfull og upplýsandi dagskrá var í boði og þátttaka var mjög góð. Loftslagsmál og þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir á því sviði voru í brennidepli. Dagurinn var gott og mikilvægt innlegg í þau margvíslegu verkefni sem framundan eru til að draga úr loftslagsáhrifum og ná þeim markmiðum sem ríkisstjórnin hefur sett í loftslagsmálum til að ná markmiðum Sameinuðu þjóðanna fyrir árið 2030 og að Ísland verði kolefnishlutlaust árið 2040. Ljóst er að orkuskipti, einkum í samgöngum, verða stór áskorunin í ferðapjónustugreinum á komandi árum.

UMHVERFIS- OG GÆÐASTARF Í FYRIRTÆKJUNUM

Fyrirtækjum hefur fjölgað nokkuð sem innleitt hafa gæða- og umhverfiskerfi og/eða fengið umhverfisvottanir. Flest hafa fyrirtækin nýtt sér Vakann og eru viðurkennd af gæða-



Fjallað var um innleiðingu á sjálfbærni m.a. í fyrirtækjum á Ferðapjónustudegi SAF 2018.



**Ljóst er að orkuskipti,
einkum í samgöngum,
verða stóra áskorunin
í ferðapjónustugreinum
á komandi árum.**



Anna Sverrisdóttir, verkefnastjóri umhverfis- og auðlindamála SAF og María Guðmundsdóttir, fræðslustjóri SAF á Umhverfisdegi SA og aðildarfélaga.



Formaður SAF stýrir umræðum á Umhverfisdegi SA og aðildarfélaga.



Frá Umhverfisdegi SA og aðildarfélaga.



Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur.

kerfi ferðapjónustunnar og einnig eru mörg fyrirtæki í úttektarferli innan Vakans. Þá nýtir sér nokkur fjöldi fyrirtækja vottanir og umhverfismerki, s.s. Earth Check, ISO14001, Bláfánann, Svaninn og Græna lykilinn. Um það bil þriðjungur þeirra aðila sem þátt taka í gæðakerfi Vakans hefur ekki tekið þátt í umhverfisluta Vakans en frá 2019 verða allir þátttakendur Vakans að taka þátt í umhverfislutanum og uppfylla lágmarksskilyrði fyrir bronsviðurkenningu.

Undanfarna mánuði hefur verið unnið að breyttu fyrirkomulagi úttekta í Vakanum, styttri og hnitmiðaðri viðmiðum, og virkni og ábyrgð fyrirtækjanna aukin. Þá munu óháð fyrirtæki sem Vakinn hefur gert samninga við sjá um úttektir.

Samfélagsleg ábyrgð innan fyrirtækja er að aukast mikið og til marks um það má benda á að í ársbyrjun 2017 skrifuðu yfir 300 fyrirtæki undir yfirlýsingu um ábyrga ferðapjónustu. Hvatningarverkefninu Ábyrg ferðapjónusta sem verið hefur í gangi frá ársbyrjun 2017 er stýrt af Íslenska ferðaklasanum og Festu en SAF eru samstarfaðili að verkefninu og hvetja aðildarfélög sín til þátttöku. Stöðumat sem gert var á verkefninu rúmu ári eftir að það hófst sýnir að um 74% svarenda hafa sett sér markmið í umhverfismálum og eru m.a. að mæla CO₂-losun frá starfsemi sinni.

FRAMKVÆMDASJÓÐUR FERÐAMANNASTAÐA OG LANDSÁÆTLUN UM UPPBYGGINGU INNVIÐA

Tilkoma landsáætlunar hefur orðið til þess að meiru fjármagni er nú veitt í uppbyggingu ferðamannastaða en áður hefur verið gert. Gegnum landsáætlun og Framkvæmdasjóð ferðamannastaða var 1.482 þúsundum króna veitt til málaflokksins á árinu 2018. Þetta er veruleg aukning frá því sem verið hefur. Á árinu 2019 er reiknað með að framlagið verði heldur meira. Segja má að með 12 ára langtímaáætlun um uppbyggingu og tilkomu Áfangastaðaáætlana landshlutanna (DMP) sé verið að ná yfirsýn yfir þá þörf sem fyrir hendi er og er víða mjög brýn. Þetta er mikilvægt skref til að tryggja vernd og viðeigandi uppbyggingu innviða á mörgum vinsælustu og verðmætustu ferðamannastöðum landsins. Ekki er síður mikilvægt að hér er verið að stíga skref til samræmdrar stefnu um umgengni við landið með hliðsjón af vaxandi straumi ferðamanna til Íslands. SAF hafa átt aðkomu að þessari vinnu bæði með beinum og óbeinum hætti.

SAMRÁÐ OG SAMTAL VIÐ STJÓRNVÖLD

Á sviði umhverfis- og auðlindamála eiga SAF í stöðugu samtali við stjórnvöld, er hér um að ræða bæði formlegt og óformlegt samtal. Meðal málefna sem samtökin hafa unnið að eru almannaréttur, raforkudreifing, utanvegaakstur, málefni baðstaða og náttúrulauga, þjóðgarðar og fríðlýst svæði, skipan í stjórnir t.d. þjóðgarða og verkefnastjórna sem vinna að málum er varða ferðapjónustu auk ýmissa lagasetninga og reglugerðarmála.

ALMENNT

SAF láta hæfni, mennta- og fræðslumál sig miklu máli varða og leggja sífellt aukna áherslu á fræðslumál í starfi sínu, enda er hæfni stjórnenda og starfsmanna forsenda aukinnar verðmætasköpunar í greininni. Mikilvægt er að auka arðsemi og samkeppnishæfni fyrirtækja í ferðaþjónustu og auk þess hafa áhrif á gildismat og viðhorf stjórnenda og starfsfólks til hæfniuppbyggingar, símenntunar og þjálfunar.

Á sl. einu og hálfu ári hafa SAF leitt vinnu í stýrihóp Hæfniseturs ferðaþjónustunnar sem vistað er sem verkefni hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins til ársins 2020. Hæfnisetur ferðaþjónustunnar er samstarfsverkefni til að auka hæfni starfsmanna ferðaþjónustunnar og hefur lagt til grundvallar skýrsluna „Fjárfestum í hæfni starfsmanna“ sem unnin var á vegum Stjórnstöðvar ferðamála og SAF 2016. Í skýrslunni er mótuð stefna til framtíðar í tengslum við mannafla- og fræðsluþörf til langs tíma lítið enda kallar hinn gífurlegi vöxtur í greininni á aukna hæfni, fræðslu og menntun starfsfólks.

Tryggja þarf að sú fræðsla og menntun sem snýr að ferðaþjónustunni, hvort heldur er á framhaldsfræðslu- stigi, framhaldsskólastigi, háskólastigi, í sérskólum eða í fyrirtækjunum sjálfum, sé í sem mestu samræmi við þarfir atvinnulífsins. Árið 2018 störfuðu að jafnaði um 28 þúsund starfsmenn í ferðaþjónustu á Íslandi. Fæstir þessara ein-

staklinga hafa hlotið formlega menntun í greininni og því þarf að lyfta grettistaki til að efla starfsmenntun og auka hæfni þeirra.

SAF hafa tekið þátt í margvíslegu starfi með það að markmiði að stuðla að aukinni hæfni og arðsemi greinarinnar. Það skiptir máli að atvinnulífðið sé með skýra stefnu hvað þetta varðar til þess að hægt sé að móta fræðsluframboð og leiðir til að auka hæfni í ljósi þarfa greinarinnar. SAF eiga víða fulltrúa í nefndum og ráðum í menntakerfinu en það er liður í stefnu samtakanna. Markmiðið er að skerpa á forystuhlutverki SAF í fræðslumálum og að samtökin séu virkur þátttakandi í samstarfi við stjórnvöld, fræðsluaðila og fyrirtæki, í umræðu, stefnumörkun og þróun menntunar og starfsþjálfunar í ferðaþjónustu. Að þessu er nú unnið af fullum krafti í Hæfnisetri ferðaþjónustunnar. Einn af megináherslupáttum í starfsemi Hæfnisetursins á síðastliðnu ári var stefnumörkun um formlegt nám í ferðaþjónustu. Mikið samtal og greiningarvinna hefur átt sér í Hæfnisetrinu við að greina fræðsluþarfir, móta leiðir, auka samvinnu um fræðslu og koma henni á framfæri til fræðsluaðila og fyrirtækja.

Að verkefninu kom fjöldi fyrirtækja og fræðsluaðila en niðurstaða úr þeirri vinnu staðfestir þá áhersluþætti sem fram komu í skýrslunni „Fjárfestum í hæfni starfsmanna“ um að ferðaþjónustan er verkleg grein. Kallað er eftir viðurkenndu starfsnámi í ferðaþjónustu sem byggji á íslenska hæfniræmmanum, og að það verði þrepaskipt, hagnýtt og aðgengilegt.

HÆFNISETUR FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

Verkefnið er unnið á grundvelli skýrslu Stjórnstöðvar ferðamála sem stjórnvöld og Samtök ferðaþjónustunnar ýttu úr vör um hæfni í ferðaþjónustu en skýrslan kom út árið 2016. Markmiðið er að auka framleiðni og gæði í ferðaþjónustu sem og starfsánægju og fagmennsku starfsmanna, einkum framlinustarfsmanna og millistjórnenda í þessari mikilvægu atvinnugrein. Það verður m.a. gert með hæfnigreiningum starfa, þróun raunfærnimats og námskeiða, þrepaskiptu starfsnámi, rafrænni fræðslu ásamt fræðslu innan fyrirtækja. Atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytið (ANR) kostar verkefnið til þriggja ára (til 2020).

Hæfnisetrið mun fyrst og fremst kortleggja þarfir fyrir fræðslu, ráðleggja fræðsluaðilum um fræðsluaðferðir, leggja til námsefni, þar á meðal rafræna fræðslu, og þróa aðferðir við meta árangur af fræðslu á rekstur og starfsánægju í fyrirtækjum. Ýmis tilraunaverkefni voru í þróun og framkvæmd árið 2018. Áhersla er á að hafa samráð við atvinnugreinina og eins er unnið þétt með nokkrum símenntunarmiðstöðvum í að bjóða fræðslulausnir og greiningar sem henta greininni.

Hæfnisetrið var sett á stofn 17. janúar 2017 með undirritun þjónustusamnings við ANR og Stjórnstöð ferðamála. Það ár var stýrihópur og fagráð skipað og fundað reglulega



Fræðslustjóri SAF kynnir fagorðalista ferðaþjónustunnar á Menntamorgni ferðaþjónustunnar.



Jóna Valborg Árnadóttir og Valdis A. Steingrímsdóttir, starfsmenn Hæfniseturs ferðaþjónustunnar kynna starfsemi þess á Menntadegi atvinnulífsins 2019.

með báðum hópum. Ennfremur var sett á stofn vefsíða setursins www.haefni.is þar sem nálgast má öll gögn sem snerta verkefnið og helstu fréttir og kynningu á setrinu má finna á Facebook-síðu setursins.

Helstu verkefni Hæfniseturs ferðapjónustunnar á sl. ári:

Fjórir starfsmenn í samtals 3,8 stöðugildum.

Unnið að tilraunaverkefni með fimm fræðsluaðilum og símenntunarmiðstöðvum (Reykjavík, Suðurnes, Akureyri, Suðurland) til að

- greina fræðslu í völdum fyrirtækjum með ýmsum aðferðum
- framkvæma fræðslu
- fylgja eftir fræðslu, m.a. með árangursmælingum á rekstri og öðrum könnunum

Samtals voru undirritaðir 40 samningar við ferðapjónustufyrirtæki sem ná til um 75 fyrirtækja í ferðapjónustu og 2.100 starfsmanna þeirra.

Vinnudagar með fræðsluráðgjöfum símenntunarmiðstöðva þar sem kynntar voru áherslur tilraunaverkefnis og verkfæri.

Átak í að heimsækja símenntunarmiðstöðvar og fyrirtæki í ferðapjónustu. Kynning á fræðslustarfi fyrirtækja.

Fundað með fyrirtækjum á Akureyri og í Reykjavík.

FUNDIR MED MENNTAHÓPI SA OG FAGHÓPI SAF

- Unnið að söfnun fræðsluverkfæra fyrir fræðsluaðila og fyrirtæki.
- Núverandi verkfærum var safnað saman og þau gerð aðgengileg á einum stað (haefni.is) fyrir fyrirtæki og fræðsluaðila.
- Námsefni „Þjálfun í gestrisni“ útbúið á þremur tungumálum, ætlað framlínustarfsmönnum í ferðapjónustu, sett á vefinn en efnið er ætlað bæði fyrirtækjum og fræðsluaðilum. Jafnframt voru þróaðar kennsluleiðbeiningar, einnig á þremur tungumálum.
- Árangursmælikvarðar fullgerðir fyrir fyrirtæki og teknir í notkun.
- Unnið að þróun rafrænnar kennslu og fundað með sérfræðingum á því sviði.
- Fagorðalistar (100 orða listar) fullunnir, rafrænir, og veggspjöld, til kynningar í ársbyrjun 2019.

STEFNUMÓTUN FYRIR FORMLEGT NÁM SEM TENGIST FERÐAÞJÓNUSTU

Eitt af hlutverkum Hæfniseturs ferðapjónustunnar er að greina fræðsluparfir, móta leiðir, auka samvinnu um fræðslu og koma henni á framfæri til fræðsluaðila og



Margrét Reynisdóttir kynningu nýtt námsefni Hæfniseturs ferðapjónustunnar, „Þjálfun í gestrisni“, sem nú er aðgengilegt á þremur tungumálum.



Frá kynningu Hæfniseturs ferðapjónustunnar á „Þjálfun í gestrisni“.



Frá kynningu Hæfniseturs ferðapjónustunnar á stefnumótun um formlegt nám í ferðapjónustu hjá Menntamálastofnun.

fyrirtækja. Í janúar hófst vinna við að móta menntastefnu fyrir formlegt nám sem tengist ferðapjónustu. Við mótun stefnunnar er lögð áhersla á aðkomu atvinnulífs og allra skólastiga. Verkefnið hófst í janúar 2018 og niðurstöður auk tillagna um aðgerðir liggja fyrir í mars 2019.

Viltu hafa áhrif á framtíðarsýn fyrir nám sem tengist ferðapjónustu? var yfirskrift fundarboðs sem Hæfnisetur ferðapjónustunnar sendi út í janúar 2019. Áherslan var lögð á að fá til fundarins eigendur og stjórnendur fyrirtækja, fulltrúa verkalyðsfélaga, fræðsluaðila og opinbera aðila. Mæting var afar góð og uppleggið var samtal milli atvinnulífs og fræðsluaðila. Alls hafa um 80 einstaklingar gefið sér tíma til að hafa áhrif.

Eftir fundinn og vinnu sem fram hefur farið í kjölfarið lýstu margir yfir ánægju sinni með samtalið. Löngu tímabært hafi verið að kalla aðila saman og mikilvægt að það verði virkt áfram. Fram kom að þótt einstakir skólar og atvinnurekendur hafi átt í samtali væri ekki ljóst hvar ábyrgðin ætti að liggja. Mikilvægt væri að setja fram heildstæða stefnu-mörkun fyrir greinina.

Til að öðlast betri skilning á þörfum ferðapjónustunnar voru settir upp sex vinnuhópar fyrir mismunandi stafssvið ferðapjónustu. Þar komu saman fulltrúar atvinnulífsins og skóla auk annarra ef ástæða þótti til. Starfsgreinaflokkarnir sem unnið var með voru eftirfarandi: ferðir og afþreying, gisting, veitingar, flugþjónusta á jörðu, fólksflutningar og ráðstefnur og viðburðir.

Markmið vinnu hópanna var að:

- Fá fram yfirsýn yfir störf í ferðapjónustu og skilgreina þau út frá sjálfstæði og ábyrgð.
- Fá fram viðhorf hagsmunaaðila um skipulag náms fyrir ferðapjónustugreinar.
- Draga áherslur um formlegt nám að námi sem tengd-ist ferðapjónustu.
- Tengja áherslur við íslenskan hæfniramma (ISQF).

Vinnu hópanna lauk í október 2018 og má draga niðurstöður saman í eftirfarandi: Í ferðapjónustu er þörf fyrir verklega færni. Viðurkennt starfsnám í ferðapjónustu byggir á íslenska hæfnirammanum, verði þrepaskipt, hag-nýtt og aðgengilegt.

Niðurstaðan og tillögur um aðgerðir verða birtar í mars 2019 með útgáfu á skýrslu. Það verður síðan verkefni næstu ára að koma framtíðarsýn atvinnulífsins um form-lega menntun sem tengist ferðapjónustu á framfæri og í framkvæmd.



Markmið hæfnigreiningar starfa er að skilgreina starf og lýsa þeirri hæfni sem þarf til að gegna starfinu. Hæfnigreiningar eru unnar í nánú samstarfi við atvinnulífið og lögð áhersla á þátttöku starfsmanna og stjórnenda.

HÆFNIGREININGAR STARFA

Markmið hæfnigreiningar starfa er að skilgreina starf og lýsa þeirri hæfni sem þarf til að gegna starfinu. Hæfni-greiningar eru unnar í nánú samstarfi við atvinnulífið og lögð áhersla á þátttöku starfsmanna og stjórnenda. Á árinu 2018 voru framkvæmdar níu hæfnigreiningar sem tengjast ferðapjónustu. Þrjár þeirra tengdust þróun á fag-háskólanámi og voru unnar í samstarfi við Háskóla Íslands og Háskólann á Hólum.

- Vörupróunarstjóri
- Viðburðastjóri
- Landvarsla
- Leiðsögumaður
- Starf þjónustufulltrúa á upplýsingamiðstöð
- Hópfærðabilstjórar
- Starf þjónustufulltrúa
- Vaktstjóri aksturs / Flotastjóri
- Deildarstjóri móttöku

HÆFNIRAMMINN

Hæfniramminn skapar skilyrði og hvetur til nýsköpunar og nýrrar hugsunar við uppbyggingu og skipulag náms og þeirrar færni sem náminu er ætlað að veita. Hann getur stuðlað að gagnsæi almennt, gefur einstaklingum möguleika á að sjá stöðu sína og starfsþróunarmöguleika og möguleika til náms. Hann getur einnig gert vinnu starfs-manna innan menntakerfisins markvissari og auðveldað fyrirtækjum að meta og bera saman hæfni umsækjenda og starfsmanna.

Allt nám að loknum grunnskóla er skilgreint í námskrám sem hæfni er nemandinn öðlast og námsgreinar og námsbrautir raðast á mismunandi hæfniprep. Hæfniprepin skapa nýjar forsendur til að tryggja samfellu í námi nem-enda á ólíkum skólastigum og í framhaldsfræðslu og er ætlað að tryggja stiganda í náminu og viðurkenningu. Hæfniprepin tengjast ekki tilteknu skólastigi, fræðsluáðila eða fræðsluformi, heldur gefa þau vísbendingu um við-fangsefni og námskröfur óháð því hvar nám hefur farið



Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF stýrir fundi á vegum Hæfnisets ferðapjónustunnar og SAF.



Kynning og samtal um verkefni Hæfnisetursins með fyrirtækjum í ferðapjónustu.



Frá fundi stýrihóps og fagráðs Hæfniseturs ferðapjónustunnar.

fram. Með hæfniramma er inntakið í náminu metið að jöfnu, hvort sem það er stundað innan eða utan hins formlega skólakerfis, sem ætti að gera flutning nemenda milli skólastiga og námsleiða markvissari og greiðari. Hæfniramminn á að endurspegla allt nám og skapa þarf grundvöll til að meta starfsnám og bóknám sem jafngilt nám.

Í október 2016 var undirrituð viljayfirlýsing þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra ásamt aðilum vinnu- markaðar um innleiðingu íslensks hæfniramma. Þar var sérstök áhersla lögð á að þróaðar yrðu aðferðir við að skilgreina námslok og tengja óformlegt nám við hæfni- þrep rammans og sú ábyrgð lægi hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Þá var jafnframt lögð áhersla á áframhaldandi samstarf undirritaðra í þeirri vinnu með skipun samstarfsnefndar. Sú nefnd hefur ekki verið skipuð enn, en mikilvægt er að sú vinna hefjist sem fyrst. Markmiðið er að hæfniramminn nýtist til að gera menntakerfi landsins gegnsærra, óformlega menntun sýnilegri og að hann sé hvati fyrir einstaklinga til að auka hæfni sína til hagsbóta fyrir íslenskt atvinnulíf og samfélag. Í lögum um framhaldsfræðslu er horft á menntakerfið sem eina heild frá leikskóla til háskóla, til framhaldsfræðslu og til óformlegrar menntunar sem fer fram utan skólakerfisins. Samkvæmt framkvæmdastjórn Evrópusambandsins er evrópski hæfniramminn (EQF) settur fram í því skyni að stuðla að hreyfanleika milli landa og hreyfanleika á vinnu- markaði, en einnig til að stuðla að og styðja við ævimenntun. Ef hæfniramminn á að ná til alls menntakerfisins eins

og markmiðið vísar til þurfa sjónarmið og hagsmunir allra skólastiga að vera tekin til greina við nánari þróun þess ramma sem nú liggur fyrir.

Unnið er að áframhaldandi þróun hæfnirammans í tengslum við þrepaskipt starfsnám í Hæfnisetri ferðapjónustunnar og hvernig má endurspegla hækkanði þrep við aukna ábyrgð, sjálfstæði og hlutverk í starfi. Tillögum um útfærslu var skilað í skýrslu um stefnumörkun fyrir nám í ferðapjónustu í mars 2019.

[Yfirlýsing um hæfniramma um íslenska menntun \(PDF\).](#)

STARFSGREINARÁÐ MATVÆLA-, VEITINGA- OG FERÐAPJÓNUSTUGREINA

Starfsgreinaráðið er skipað aðalmönnum og varamönnum sem tilnefndir eru af Samtökum atvinnulífsins, Alþýðusambandi Íslands, Félagi íslenskra framhaldsskóla og Kennarasambandi Íslands.

Formenn starfsgreinaráða sem eru 12 talsins skipa síðan sérstaka starfsgreinanefnd.

Starfsgreinaráð eru, hvert á sínu sviði, ráðherra til ráðgjafar um starfsnám á framhaldsskólastigi. Hlutverk þeirra er m.a. að gera tillögu um almenn markmið náms, skilgreina þarfir fyrir kunnáttu og hæfni og gera tillögur um lokamarkmið náms. Nýtt starfsgreinaráð var skipað í febrúar 2019 til næstu fjögurra ára; tveir aðalmenn og tveir varamenn frá SAF.

FRÆÐSLUMORGNAR FERÐAPJÓNUSTUNNAR

SAF og Hæfnisetur ferðapjónustunnar hófu fundaröð sem nefnist Fræðslumorgnar ferðapjónustunnar í því mark-



Markmið fundanna er auk þess að fræða félagsmenn, hlusta á raddir þeirra og auka tengslin. Á fyrsta morgunfundinum var nýtt fagorðasafn ferðapjónustunnar kynnt, verkfærakista Hæfnisetursins og fjallað var um stöðu íslenskunnar og erlent vinnuafli.

miði að kynna félagsmönnum ýmsar nýjungar í tengslum við mennta- og fræðslumál. Markmið fundanna er auk þess að fræða félagsmenn, hlusta á raddir þeirra og auka tengslin. Á fyrsta morgunfundinum var nýtt fagorðasafn ferðapjónustunnar kynnt, verkfærakista Hæfnisetursins og fjallað var um stöðu íslenskunnar og erlent vinnuafl. Til stendur að fundirnir verði einnig haldnir á landsbyggðinni og verður fundunum streymt.

LEIÐSÖGUNÁM Á AKUREYRI

Í kjölfar aukins streymis ferðamanna á Norðurland höfðu SAF forgöngu um að boðið yrði upp á fullt leiðsögunám hjá Símenntun Háskólans á Akureyri haustið 2018. Um 20 nemandar skráðu sig til leiks sem útskrifast vorið 2019.

Námið er unnið í samstarfi við Leiðsöguskólann og Samtök ferðapjónustunnar og veitir rétt til aðildar að Leiðsögn – félagi leiðsögumanna.

Námið er tvö misseri, byggt á námskrá fyrir leiðsögunám, og tekur mið af ólíkum þörfum ferðapjónustunnar í takt við breytilegt ferðamynstur ferðamanna. Nemandur fræðast um leiðsögutækni, helstu ferðamannastaði, íslenskt samfélag, jarðfræði landsins, sögu og menningu, gróður og náttúruvernd, atvinnuvegi, bókmenntir og listir auk þjálfunar í erlendu kjörmáli svo nokkuð sé nefnt. Í námslok verður farið í hringferð um landið með SBA-Norðurleið.

LEIÐSÖGN - SKÝRSLA UM MENNTUN OG STARFSUNDIRBÚNING LEIÐSÖGUMANNA

Á aðalfundi Leiðsagnar - Stéttarfélags leiðsögumanna vorið 2017 var ákveðið að skipa starfshóp til að semja leiðbeinandi reglur um menntun leiðsögumanna á Íslandi og annarra starfsmanna í ferðapjónustu sem eru félagar í Leiðsögn. Tillögurnar skyldu samræmast og uppfylla viðmiðanir staðals ÍST EN 15565:2008 um menntun leiðsögumanna og þá áttu tillögurnar að líta til þess hvernig raunfærnimati og mati á öðru námi sem nýtist í starfi leiðsögumanna verði háttað.

Starfshópurinn var skipaður með erindisbréfi í júlí 2017. Í hann voru skipaðir og tilnefndir:

Tryggvi Jakobsson landfræðingur, formaður, skipaður af Leiðsögn.

Hlíf Ingibjörnsdóttir ferðamálafræðingur og leiðsögumaður, skipaður af Leiðsögn.

Magnús Jónsson veðurfræðingur, skipaður af Leiðsögn.

María Guðmundsdóttir fræðslustjóri, tilnefnd af Samtökum ferðapjónustunnar.

Snorri Valsson sérfræðingur hjá Vakanum, tilnefndur af Ferðamálastofu.

Starfshópnum voru með erindisbréfi falin þau verkefni sem ályktun aðalfundar fól í sér, einkum eftirtalin atriði:

Að semja leiðbeinandi viðmiðunarreglur um menntun leiðsögumanna sem samræmast staðlinum ÍST EN 15565:2008. Viðmiðunarreglurnar verði rammi fyrir náms-tíma, skilgreiningu námsefnis og afmörkun fræðsluviða. Þeim fylgi námsmarkmið, þ.e. þær hæfnikröfur sem nemandur þurfa að uppfylla að námi loknu.

Að gera tillögur um hvernig eigi að leggja mat á þá menntun sem nýtist í leiðsögn sem aflað hefur verið í öðrum skólum en leiðsöguskólum, til uppfyllingar á viðmiðunarreglunum.

Að gera tillögur um hvernig eigi að leggja mat á starfsreynslu þannig að viðmiðunarreglurnar séu uppfylltar (raunfærnimat).

Að gera tillögur um hvernig, að settum slíkum viðmiðunarreglum, skuli leggja mat á það nám í leiðsögn sem í boði er hverju sinni og staðfesta, eftir því sem óskað er, að það uppfylli þær kröfur sem fyrrnefndar reglur gera.



Frá kynningarfundi Leiðsagnar í Iðnó.



Útskriftarhópur leiðsögumanna á Akureyri.



Gina Lund, framkvæmdastjóri Kompetanse Norge í málstofu á Menntadegi atvinnulífsins 2019.



Frá Menntadegi atvinnulífsins í Hörpu 2019.



Fjallað var um læsi í viðum skilningi þess orðs á Menntadegi atvinnulífsins 2019. Signý Sif Sigurðardóttir frá Landsvirkjun stýrði fundi.



Pórir Erlingsson, Háskólanum á Hólum stýrði málstofu um stöðu stráka í lífi og starfi á Menntadegi atvinnulífsins 2019.

Þá var bent á að hópurinn skyldi hafa til hliðsjónar skipulag náms í leiðsögn hér á landi, innihald námskrár og námslýsinga, ásamt námsframboði þeirra skóla sem hafa leiðsögunám í boði. Einnig skyldi hópurinn kynna sér námsskipulag í öðrum löndum sem byggja á framan- greindum staðli. Starfshópurinn skilaði af sér neðangreindri skýrslu sem kynnt var á fundi á vegum Leiðsagnar í lðnó 2. nóvember 2018.

Hér má sjá skýrslu starfshóps um menntun og starfsundirbúning leiðsögumanna.

NÝTT MEISTARANÁM Í STJÓRNUN Í FERÐAÞJÓNUSTU Í HR

Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík býður upp á tvær nýjar námsleiðir í meistaranámi, Stjórnun nýsköpunar og Stjórnun í ferðaþjónustu.

Með breyttu fyrirkomulagi tekur meistaranám við viðskiptadeild HR nú aðeins 14 mánuði. [Sjá nánar hér.](#)

FRÆÐSLUSTJÓRI AÐ LÁNI

Verkefnið „Fræðslustjóri að láni“ hefur svo sannarlega notið vinsælda hjá íslenskum fyrirtækjum undanfarið og er ferðaþjónustan þar ekki undanskilin. Verkefnið byggir á að lána mannauðsráðgjafa til fyrirtækja samkvæmt samningi við hlutaðeigandi fræðslustjóði. Ráðgjafinn fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál fyrirtækisins, dregur fram það sem vel er gert, greinir fræðsluþörf og samhæfir nýjar hugmyndir að fræðslu við það sem þegar er til. Á síðasta ári hafa fyrirtæki í ferðaþjónustu nýtt sér þennan valkost í auknum mæli til að meta og útfæra markvissa fræðsluáætlun sem sérsniðin er að þörfum fyrirtækisins.

ÞJÓNUSTA VIÐ FERÐAMENN/“TOURISM SERVICE COURSE” Á ENSKU

Mímir-símenntun hefur í samstarfi við SAF aðlagð fyrir- liggjandi námskrá (Færni í ferðaþjónustu I og II, 160 kennslustundir) að hópi þátttakenda sem ekki hafa íslensku sem móðurmál. Fólst aðlögunin í vinnu við námsefni og endurskipulagningu námsins, tilraunakennslu námsleiða og mat á árangri. Vaxandi eftirspurn er eftir þessu námskeiði fyrir hóp erlendra starfsmanna sem gegnir mikilvægu hlutverki í örum vexti greinarinnar, enda gert ráð fyrir að um þriðjungur starfsmanna í ferðaþjónustu á Íslandi árið 2018 hafi verið erlendum.

MENNTADAGUR ATVINNULÍFSINS

Menntadagur atvinnulífsins var haldinn 14. febrúar í Hörpu. Dagurinn var að þessu sinni tileinkaður læsi. Læsi var yfirskrift dagsins sem hefur fest sig í sessi sem árlegur viðburður og var nú haldinn í sjötta sinn. Boðið var upp á málstofur um kennslustofu 21. aldarinnar og stöðu stráka í lífi og starfi.



Verkefnið „Fræðslustjóri að láni“ hefur svo sannarlega notið vinsælda hjá íslenskum fyrirtækjum undanfarið og er ferðapjónustan þar ekki undanskilin. Verkefnið byggir á að lána mannauðs-ráðgjafa til fyrirtækja samkvæmt samningi við hlutaðeigandi fræðslusjóði.



Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, Rákel Theodórsdóttir, markaðs- og gæðastjóri Friðheima, Janis Schwenke, veitinga- og móttökustjóri Friðheima, Helena Hermundardóttir og Knútur Rafn Ármann, eigendur Friðheima, og Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands.



Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, Þórdís Bjarnadóttir, bókanastjóri og fyrsti skólastjóri Mannauðsskóla Hölds, Steingrímur Birgisson, forstjóri Hölds, Geir Kristinn Aðalsteinsson, mannauðsstjóri Hölds, Sigrún Árnadóttir, verkefnastjóri hjá Höldi, og Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra.

Upptökur frá dagskránni eru aðgengilegar í Sjónvarpi atvinnulífsins hér að neðan. Um 300 manns úr atvinnulífi, stjórnámum og menntakerfinu tóku þátt í liflegri og upplýsandi dagskrá.

HÉR getur þú horft á daginn í heild í Sjónvarpi atvinnulífsins á Vimeo.

MÁLSTOFA UM STÖÐU STRÁKA Í LÍFI OG STARFI

Á menntadeginum voru haldnar tvær málstofur en önnur þeirra var helguð stöðu stráka í lífi og starfi. Fyrirlesarar voru Gina Lund, framkvæmdastjóri Hæfnistofnunar Noregs, Margrét Pála Ólafsdóttir, stofnandi og stjórnandi Hjalla-stefnunnar, ásamt Una Þór Einarssyni vélvirkja sem fulltrúa framhaldsfræðslukerfisins.

Boðið var upp á kynningar fræðslusjóða og fræðsluáðila á sérstöku menntatorgi en menntadagurinn er haldinn með myndarlegum stuðningi fjögurra starfsmenntasjóða, Landsmenntar, Starfsafls og Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks ásamt Sambandi stjórnendafélaga.

MENNTAVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS 2019

Mjög ánægjulegt er að það voru fyrirtæki í ferðapjónustu sem hlutu bæði menntaverðlaun atvinnulífsins og menntasprota atvinnulífsins. Bilaleigan Höldur var valin menntafyrirtæki ársins 2019. Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, afhenti verðlaunin á þessum árlega menntadegi atvinnulífsins sem var haldinn í Hörpu. Friðheimar voru valdir menntasproti atvinnulífsins 2019. Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, afhenti jafnframt verðlaunin í þessum flokki.

Höldur er öflugt og rótgróið ferðapjónustufyrirtæki sem starfar um land allt. Höldur rekur Bilaleigu Akureyrar sem er stærsta bilaleiga landsins með 23 útibú. Flotinn telur um 4.500 bíla og fyrirtækið er einn stærsti bilakaupandi landsins auk þess að veita fjölbreytta þjónustu. Um 240 starfsmenn eru hjá Höldi allt árið og á fjórða hundrað þegar mest er að gera yfir sumartímann. Störfin eru af ýmsum toga en fræðsla og markviss þjálfun er lykillinn að góðum rekstri.

Steingrímur Birgisson, forstjóri Hölds, tók við verðlaunum og sagði þau mikla hvatningu og að hann tæki við þeim af þakklæti og stolti fyrir hönd starfsfólks Hölds.

Friðheimar eru blómlegt fjölskyldufyrirtæki í Bláskógabyggð á Suðurlandi. Árið 1995 keyptu ung hjón úr Reykjavík, Knútur Rafn Ármann og Helena Hermundardóttir, yfirgefna gróðrarstöð þar sem þau hafa látið drauma sína rætast og upplifað ævintýri sem þau sáu ekki fyrir. Fyrir 10 árum opnuðu þau Friðheimar fyrir ferðamönnum og á síðasta ári heimsóttu þau um 180 þúsund gestir. Ferðapjónusta er veigamesti þátturinn í rekstri Friðheima í dag.

ásamt framleiðslu tómata, hrossarækt og fræðslu um íslenska hestinn og ylrækt á Íslandi. Friðheimar eru opnir allt árið. Heilsársstörf eru um 50 og 10 starfsmenn bætast við yfir sumarið.

Knútur tók við verðlaununum og sagði við það tilefni að það væri bæði mikill heiður og ánægja að taka við þeim. Hann sagði tækifærin í ferðapjónustu vera mikil úti um allt land. **Sjá nánar HÉR.**

ÁFRAMHALDANDI SAMSTARF SAF OG HÍ UM STARFSÞRÓUN Í FERÐAÞJÓNUSTU

Námsbraut í land- og ferðamálafræði við Háskóla Íslands og SAF gerðu með sér samstarfssamning um námskeið í starfsþjálfun í ferðapjónustu sem kennt var í fyrsta skipti á vormisseri 2015. Þetta samstarf hefur verið endurtekið á vorönn 2016, 2017, 2018 og nú 2019. SAF hafa milligöngu um að koma nemendum á námskeiðinu í starfskynningu hjá fyrirtækjum í samtökunum. Nemendur heimsækja fyrirtæki og vinna með verkefni um tengsl háskólamenntunar og atvinnugreinarinnar. Fyrirtæki í SAF hafa tekið mjög vel í verkefnið og hafa boðið fjölda nemenda í heimsókn á undanförunum árum.

Oft hefur verið bent á að það vanti sterkari tengingar milli háskólanáms í ferðamálafræði og atvinnugreinarinnar.



Nemar úr HÍ á ferðamálabraut í heimsókn hjá Into the Glacier.



Nemar í ferðamálafræði frá HÍ heimsóttu fyrirtækið Mountaineers.

Námskeið er liður í því að skerpa á þeim tengslum og um leið að brúa bilið milli fyrirtækja í ferðapjónustu og mögulegs framtíðarstarfskrafts þeirra. SAF fagna því að hægt hefur verið að halda þessu góða samstarfi áfram enda afar mikilvægt að efla þessi tengsl við atvinnugreinina.

RÁÐGJÖF TIL FÉLAGSMANNA

Fræðslustjóri SAF hefur markvisst unnið að ráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga innan SAF á sviði mennta- og fræðslumála bæði hvað varðar leiðbeiningar um námsframboð og möguleika á styrkjum til náms. Fræðslustjóri SAF hefur haft milligöngu um að koma á námskeiðum samkvæmt óskum félagsmanna. Jafnframt er upplýsingum um hvers kyns sí- og endurmenntun komið reglulega á framfæri á heimasíðu samtakanna og í fréttabréfum SAF. Liður í ráðgjöf og kynningu á sviði fræðslumála er fyrirtækjaheimsóknir þar sem kynntir hafa verið möguleikar á styrkjum frá sjóðunum vegna námskeiðahalds auk kynningar á samstarfsverkefni fræðslusjóðanna, „Fræðslustjóri að láni“, og Evrópuverkefninu TTRAIN um þjálfun starfsþjálfara í fyrirtækjum. Jafnframt skal bent á öflugra ráðgjöf á vegum Hæfniseturs ferðapjónustunnar sem í boði er um land allt í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar og einkaaðila.

SAMANTEKT Á NÁMSFRAMBOÐI

SAF hafa unnið samantekt á helsta námsframboði fræðslu- aðila og sent félagsmönnum í fréttabréfi bæði vor og haust, auk þess sem slíkar upplýsingar eru félagsmönnum aðgengilegar á fræðslusíðu samtakanna. Á fræðslusíðunni www.saf.is/fraedsluvefur-saf/ má finna ýmis sérkjör sem í boði eru fyrir félagsmenn í SAF. Þá er einnig að finna gagnlega samantekt á námsframboði eftir starfsgreinum á vefsíðu Hæfniseturs ferðapjónustunnar á www.haefni.is/fyrirtaekjafraedsla/.

MATVÆLA- OG VEITINGASVIÐ IDUNNAR

Matvæla- og veitingasvið IDUNNAR er samstarfsvettvangur fyrirtækja og starfsmanna á sviði hótél- og matvælagreina. Aðild að matvæla- og veitingasviði eiga SAF, Samtök iðnaðarins (SI) og MATVÍS. Hlutverk og megintilgangur matvæla- og veitingasviðs er að stuðla að bættri menntun og hæfni starfsmanna í hótél- og matvælagreinum og vinna að auknum gæðum og framleiðni fyrirtækja sem leiðir til betri samkeppnisstöðu þeirra og bættra lífskjara. Í stjórn matvæla- og veitingasviðs sitja samtals fjórir fulltrúar og aðrir fjórir til vara tilnefnd með sama hætti. Tveir aðalmenn og aðrir tveir varamenn eru frá MATVÍS, einn aðalmaður frá SAF og annar til vara. Einn aðalmaður er frá SI og annar til vara. Aðalmenn og varamenn eru boðuð á fundi sviðsins. Starfsemi matvæla- og veitingasviðs IDUNNAR er m.a. fjármögnuð með endurmenntunargjaldi sem kveðið er á um í kjarasamningi og með sértekjum. Félagsmenn matvæla- og veitingasviðs IDUNNAR fá verulegan afslátt af námskeiðum á vegum sviðsins.



Nemar sem báru sigur úr bytjum í forkeppni norræna nemamótsins. Gabriel Kristinn Bjarnason – nemi á Radisson SAS Blu Hótel Saga, meistari Ólafur Helgi Kristjánsson, Wiktor Pálsson – nemi á Radisson SAS Blu Hótel Saga, meistari Sigurður Helgason. Framreiðslunemarnir eru þau Guðjón Baldur Baldursson – nemi í Vox Hilton Nordica, meistari Ólöf Kristín Guðjónsdóttir, og Fanney Rún Ágústadóttir – nemi á Bláa lóninu, meistari Styrmir Örn Arnarson.



Vinningshafar í matreiðslu og framreiðslu í norrænu nemakeppninni 2018.



Fræðslustjóri SAF hefur markvisst unnið að ráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga innan SAF á sviði mennta- og fræðslumála bæði hvað varðar leiðbeiningar um námsframboð og möguleika á styrkjum til náms. Fræðslustjóri SAF hefur haft milligöngu um að koma á námskeiðum samkvæmt óskum félagsmanna.

MENNTA- OG FRÆÐSLUMÁL

Námskeið fara ýmist fram í Hótel- og matvæðaskólanum, Verkmenntaskólanum á Akureyri eða á vinnustöðum. Forsvarsmenn fyrirtækja óska í auknum mæli eftir sér-sniðnum námskeiðum fyrir þeirra fyrirtæki og þarfir. Reglur um endurgreiðslur og styrki til félagsmanna er að finna á heimasíðu IDUNNAR, www.idan.is. Sviðið aðstoðar fyrirtækin einnig við að afla styrkja fyrir starfsmenn sem eiga aðild að öðrum starfsmenntasjóðum.

VINNUSTAÐANÁMSSJÓÐUR

Mennta- og menningarmálaráðuneytið úthlutaði í fyrsta sinn úr vinnustaðanámssjóðnum til fyrirtækja sem voru með nema á námssamningi haustið 2011. Ánægjulegt er hversu margir forsvarsmenn fyrirtækja í matvæla- og veitingagreinum hafa nýtt þetta framtak mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Á síðasta ári var samtals sótt um fyrir rétt tæplega 70% nema sem eru á námssamningi í matreiðslu og framreiðslu. Samtök ferðaþjónustunnar höfðu í fjöldamörg ár lagt áherslu á að þessi sjóður yrði settur á laggirnar.

FJÖLGUN NEMA Í MATREIÐSLU OG FRAMREIÐSLU

Matreiðslu- og framreiðslunemum hefur fjölgað töluvert á síðustu árum. Á árinu 2018 voru 312 nemar á samningi í matreiðslu og framreiðslu og samtals luku 90 sveinsprófum í sömu greinum á árinu.

RAUNFÆRNIMAT Í MATVÆLA- OG VEITINGAGREINUM

IDAN fræðslusetur býður starfsfólki í matvæla- og veitingagreinum sem hefur náð 23 ára aldri og er með þriggja ára starfsreynslu að taka þátt í raunfærnimati á móti námskrám í matreiðslu, framreiðslu, bakaraiðn og kjötiðn. Markmið raunfærnimatsins er að meta starfsreynslu á móti verkefnum námskrár og gefa áhugasömum tækifæri til að stytta nám í skóla og á vinnustað. Töluverður fjöldi hefur nýtt sér þessa þjónustu á liðnum árum og reynslan er góð. Raunfærnimat í greinunum er reglulega í boði og áhugasömum er bent á að hafa samband við náms- og starfsráðgjafa IDUNNAR. Nýjungin er að bjóða raunfærnimat á móti hæfnikröfum starfa barþjóna og þerna.

ÍSLANDSMÓT IÐNGREINA 14.-16. MARS 2019

Íslandsmót iðngreina fer fram dagana 14.-16. mars 2019 í Laugardalshöllinni. Markmið Íslandsmótsins er að kynna fyrir ungu fólki og forráðamönnum þess iðn- og starfsnámsgreina. Yfir keppnisdagana er gert ráð fyrir samtals um 7000 grunn- og framhaldsskólanemum. Í matvæla- og veitingagreinum verður keppt í kjötiðn, bakaraiðn, framreiðslu og matreiðslu.

Um norrænu nemakeppnina 2018 sjá kafla um erlend samskipti.



Nordpassfundur í Helsinki.

SYSTURSAMTÖK Á NORÐURLÖNDUM

Hluti af starfi Samtaka ferðapjónustunnar er að bera saman bækur sínar um starfsumhverfi greinarinnar við systur-samtök á sviði ferðapjónustu á Norðurlöndunum. Samskipti af þessu tagi eru afar gagnleg þar sem upplýsingar sem þar koma fram nýtast í samræðum og rökfærslum um starfsumhverfi ferðapjónustunnar hér á landi.

NORDISK BESÖKSNÄRING

Formaður gististaðanefndar var fulltrúi SAF á ársfundi Norðurlandasamtaka hótél- og veitingamanna en þar var rætt um þau mál sem efst eru á baugi á þeim vettvangi, s.s. aðgengismál, fræðslumál, bókunarþjónustur (OTA's), skuggahagkerfið o.fl. Framkvæmdastjóri SAF og formaður gististaðanefndar sóttu einnig stöðufundi Norðurlanda-samtakanna í Stokkhólmi og Ósló.

HOTREC

SAF eru formlegur aðili að evrópsku hótél- og veitinga-samtökunum Hotrec. Aðildin er m.a. sótt í samráði og samstarfi við Ferðamálastofu með það að markmiði að styrkja betur undirstöður stjórnukerfis Vakans í gegnum Hotel Stars.

Á starfsárinu sóttu fulltrúar SAF annan af tveim ársfundum Hotrec sem haldinn var í Vínarborg í Austurríki 26. og 27. apríl. Á fundinum var fjallað um þróun og horfur í ferðapjónustu í Evrópu, þróun deiliahagkerfisins, öryggi næturklúbbagesta, starfsemi bókunarsíðna og tækniframfarir innan hótélgeirans. Þess má geta að Hotel Camp Iceland sem haldið var í lok nóvember var afsprengi umfjöllunar á Hotrec-fundinum í Vín.

NORDISK PERSONTRANSPORT

Tveir fundir samtaka hópbfreiðafyrirtækja á Norðurlöndunum voru á árinu. Fyrri fundurinn var haldinn í Tallinn í júní og sá seinni var haldinn á Hótel Sögu í Reykjavík í nóvember. Á þessum fundum er farið yfir þau mál sem efst eru á baugi á vettvangi hópbfreiðafyrirtækja, s.s. félagsleg undirboð og aðgerðir gegn ólöglegri erlendra starfsemi, öryggismál og ESB-tilskipanir um akstur með farþega, hvíldartíma bílstjóra, og akstur á milli landa.

NORDPASS - NORDISK PASSAGERARBÁTFÖRENING

Samtök ferðapjónustunnar eru aðilar að samtökum útgerða með farþegabáta (Nordpass). Samtökin hittast á hverju hausti og var fundur ársins 2018 haldinn í Helsinki í Finnlandi þar sem fulltrúi SAF var viðstaddur. Á þessum fundum er farið yfir hagsmunamál útgerðarmanna á hverjum markaði og sameiginleg málefni sem nýst geta í viðræðum við stjórnvöld hvers lands. Meðal þeirra atriða sem um er rætt eru öryggismönnum skipanna, gerð og búnaður, aðgengi að námskeiðum, tryggingamál o.fl.



Stýrihópur Hæfnisets ferðapjónustunnar ásamt fræðsluaðilum heimsóttu Perth College - University of the Highlands and The Islands sl. haust.



Frá Hotrec-fundi í Vín.

SAMSTARF Á SVIÐI FRÆDSLUMÁLA

NVL - NORRÆNT SAMSTARFSNET UM NÁM FULLORÐINNA

María Guðmundsdóttir, fræðslufulltrúi SAF, ásamt Sveini Aðalsteinssyni, framkvæmdastjóra Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, voru valin fulltrúar Íslands í nýju neti um farnipróun 2018-2019 undir NVL.

NVL, norrænt samstarfsnet um nám fullorðinna, er fjármagnað af norrænu ráðherranefndinni og nýja farnipróunarnetið er skipað tveimur fulltrúum annars vegar úr atvinnulífinu og hins vegar fulltrúum fræðsluaðila í fullorðinsfræðslu frá Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi, Noregi og Íslandi.

Verkefni farnipróunarnetsins er að kanna með hvaða hætti er hægt að mæta nýjum áskorunum, s.s. hnattvæðingu, þróun stafrænnar tækni, auk lýðfræðilegra breytinga, auka aðferðir til náms og samstarf milli ólíkra geira og finna betri sameiginlegar lausnir út frá sjónarhóli atvinnulífsins á Norðurlöndunum. Áherslan verður á farni í atvinnulífinu og með þarfir atvinnulífsins að leiðarljósi.

Netið hefur hist hingað til tvisvar í Osló og einu sinni í Helsinki og mun skila af sér lokatillögum og skýrslu til ráðherranefndarinnar í lok árs 2019.

RAUNFÆRNIMAT Í ATVINNULÍFINU OG HÆFNISTEFNA

Fræðslufulltrúi SAF tók þátt í námsferð ásamt fulltrúum úr stjórn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins til Svíþjóðar og Noregs 16.-20. apríl 2018. Hópurinn kynnti sér mismunandi mólur fyrir raunfærnimat í hinum ýmsu atvinnugreinum, m.a. ferðapjónustu, og sömuleiðis hæfnistefnu Norðmanna sem leidd af Hæfnistofnun Noregs - Kompetanse Norge. Ferðin var gott veganesti inn í tilraunaverkefni um raunfærnimat á móti viðmiðum atvinnulífsins (störfum) sem nú er unnið að í Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sem er í eigu aðila vinnumarkaðarins.

NÁMSFERÐ TIL SKOTLANDS MEÐ HÆFNISETRI FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

Í byrjun október tók fræðslufulltrúi SAF þátt í námsferð til Skotlands ásamt stýrihóp Hæfniseturs ferðapjónustunnar, fulltrúum starfsmenntasjóða og fræðsluaðila frá nokkrum símenntunarmiðstöðvum sem eru þátttakendur í tilraunaverkefni Hæfnisetursins. David Allen, framkvæmdastjóri People's first í Skotlandi (sem var aðalfyrirlesari í málstofu ferðapjónustunnar á Menntadegi 2017), undirbjó komu hópsins og skipulagði heimsóknir í fyrirtæki og til fræðsluaðila í ferðapjónustu. Margt er sameiginlegt með uppbyggingu ferðapjónustu í Skotlandi og á Íslandi og kynnti hópurinn sér m.a. uppbyggingu starfsnáms þar í landi



Fulltrúar í NVL norræna samstarfsnetinu funduðu um nám fullorðinna í Osló.



Forsetinn heiðraði vinningshafa frá Íslandi í norrænu nemaleppninni 2018 að Bessastöðum.

og fyrirkomulag stjórnendanáms sem fyrirmynd í vinnu Hæfniseturs ferðapjónustunnar.

NORRÆNA NEMALEPPNIN 2019

Undirbúningur fyrir norrænu nemaleppnina sem verður haldin í Stokkhólmi dagana 26.-27. apríl nk. er í fullum gangi. Val á þátttakendum fór fram í Hótel- og matvæðaskólanum miðvikudaginn 9. janúar sl. Samtals tóku sjö matreiðslunemar og átta framreiðslunemar þátt í lokaleppninni.

Í matreiðslu voru hlutskarpastir þeir Gabriel Kristinn Bjarnason, nemi á Radisson SAS, Hótel Sögu, meistari er Ólafur Helgi Kristjánsson, og Wiktor Pálsson, nemi á Radisson SAS, Hótel Sögu, meistari er Sigurður Helgason.

Í framreiðslu voru efst Fanney Rún Ágústsdóttir, nemi í Bláa lóninu, meistari hennar er Styrmir Örn Arnarson, og Guðjón Baldur Baldursson, nemi á VOX, Hilton Nordica, meistari hans er Ólöf Kristín Guðjónsdóttir.



F.v. Pétur Þ. Óskarsson, Ívar Ingimarsson, Halldóra Gyða Matthíasdóttir Proppé, Bjarnheiður Hallsdóttir, Ingibjörg Ólafsdóttir, Jakob Einar Jakobsson og Ólöf R. Einarsdóttir.

STJÓRN SAF STARFSÁRIÐ 2018–2019

Ný stjórn var kjörin á aðalfundi Samtaka ferðapjónustunnar sem haldinn var á Radisson Blu Hótel Sögu miðvikudaginn 21. mars 2018.

Eftirtaldir einstaklingar skipa stjórn SAF starfsárið 2018–2019:

Bjarnheiður Hallsdóttir
Framkvæmdastjóri Kötlu DMI ehf., formaður
Kjörin til tveggja ára á aðalfundi 2018
Fóstari ferðaskrifstofunefndar

Halldóra Gyða Matthíasdóttir Proppé
Rekstrarstjóri sölu- og markaðssviðs Kynnisferða
Kjörin til tveggja ára á aðalfundi 2018
Fóstari hópbífreiðanefndar

Ingibjörg Ólafsdóttir
Hótelstjóri Radisson Blu Hótel Sögu, varaformaður
frá nóvember 2018
Kjörin til tveggja ára á aðalfundi 2017
Fóstari gististaðanefndar

Ívar Ingimarsson
Framkvæmdastjóri Ferðapjónustunnar Óseyri ehf.
Kjörin til tveggja ára á aðalfundi 2018
Fóstari bílaleigunefndar

Jakob Einar Jakobsson
Framkvæmdastjóri Jómfrúarinnar
Kjörin til eins árs á aðalfundi 2018
Fóstari veitinganefndar

Ólöf R. Einarsdóttir
Eigandi Mountaineers of Iceland
Kjörin til tveggja ára á aðalfundi 2018
Fóstari afþreyinganefndar

Pétur Þ. Óskarsson
Framkvæmdastjóri Samskiptasviðs Icelandair Group,
varaformaður til nóvember 2018
Kjörin til tveggja ára á aðalfundi 2017
Fóstari flugnefndar og umhverfisnefndar

Pétur hætti í stjórn SAF í nóvember 2018 og Halldóra Gyða í mars 2019.

13 stjórnarfundir voru haldnir á starfsárinu og voru þeir flestir haldnir á skrifstofu SAF.

Á starfsárinu 2018–2019 gerðu SAF viðreist á sviði opinberrar stjórnsýslu og sendu inn 50 umsagnir og erindi til Alþingis og opinberra aðila um lagafrumvörp, ályktanir og áætlanir. Þá áttu þau fjölmarga fundi með þingnefndum til að fylgja þessum umsögnum og erindum eftir. Á starfsárinu sendi stjórn samtakanna einnig frá sér sjö ályktanir um hin ýmsu málefni er vörðuðu brýn hagsmunamál ferðapjónustunnar.



Aftari röð f.v. Benedikt S. Benediktsson, Þórunn K. Jónsdóttir, María Guðmundsdóttir, Gunnar Valur Sveinsson, Skapti Örn Ólafsson, neðri röð f.v. Anna G. Sverrisdóttir, Jóhannes Þór Skúlason og Vilborg Helga Júlíusdóttir.

SKRIFSTOFA OG STARFSFÓLK

Fastráðnir starfsmenn SAF í mars 2019: Anna G. Sverrisdóttir, Gunnar Valur Sveinsson, Jóhannes Þór Skúlason, María Guðmundsdóttir, Skapti Örn Ólafsson og Vilborg Helga Júlíusdóttir í 4,8 stöðugildum.

Skrifstofa SAF er að Borgartúni 35 í Reykjavík og er opin virka daga frá kl. 8.30 til 16.30.

Helstu verkefni skrifstofunnar eru að fylgja eftir stefnu samtakanna sem er:

- Að ferðapjónusta á Íslandi byggi á virðingu fyrir landi og þjóð.
- Að gæta heildarhagsmuna fyrirtækja í ferðapjónustu.
- Að styrkja samkeppnishæf rekstrarskilyrði og heilbrigða samkeppni.
- Að nýsköpun og fagmennska séu stöðir sem framtíð ferðapjónustunnar hvíli á.
- Að innviðir ferðapjónustunnar styðji framþróun hennar.
- Að SAF séu sameiningartákn og talsmaður fyrirtækja í ferðapjónustu.

Starfsmenn leiða þannig og reka hin ýmsu hagsmunamál gagnvart opinberum aðilum og öðrum. Þeir leiða vinnu í fræðslu- og umhverfismálum, gæða- og öryggismálum auk upplýsingamála og mikils samstarfs við fjölmiðla. Staðið er fyrir fundum, uppfærslu heimasíðu og útgáfu fréttabréfa og alls kyns þjónustu við félagsmenn. Gerðar eru hagkannanir, ráðgjöf veitt í ýmsum málum og samningar gerðir við aðila um bestu kjör til handa félagsmönnum o.fl. Geta félagsmenn leitað til skrifstofunnar um flest sín mál. Þá fylgja starfsmenn eftir og styðja við gerð og túlkun kjarasamninga í samvinnu við SA.

Framkvæmdastjóri SAF er Jóhannes Þór Skúlason. Aðrir starfsmenn eru Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri, María Guðmundsdóttir, fræðslustjóri, Skapti Örn Ólafsson, upplýsingafulltrúi, Vilborg Helga Júlíusdóttir, hagfræðingur, og Anna G. Sverrisdóttir, verkefnastjóri. Um sl. áramót hóf Þórunn K. Jónsdóttir störf í hlutastarfi til að sinna markaðsmálum samtakanna. Á sama tíma lét Lárus M. K. Ólafsson af störfum sem lögfræðingur samtakanna ásamt því að Helga Árnadóttir lét af störfum sem framkvæmdastjóri samtakanna í júní 2018. Benedikt S. Benediktsson hefur verið ráðinn sameiginlegur lögfræðingur SVP og SAF og mun hefja störf í lok mars 2019.



Frá félagsfundi um stöðuna í ferðapjónustunni.



Frá félagsfundi um öryggismál.



Frá félagsfundi um stöðuna í ferðapjónustunni.



Frá haustfundi hótél- og veitingamanna.

FÉLAGSFUNDIR 2018

9. maí

Sambúð borgar og atvinnulífs.

Haldinn í Gamla bíó í samstarfi við Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og Samtök verslunar og þjónustu.

14. maí

Forvarnir og fyrsta hjálp.

Haldinn í Húsi atvinnulífsins.

15. maí

Þjálfun í gestrisni.

Haldinn í Húsi atvinnulífsins í samstarfi við Hæfnisetur ferðapjónustunnar.

24. maí

Hvað borða erlendir ferðamenn?

Haldinn á Icelandair Hótel Reykjavík Natura í samstarfi við Samtök iðnaðarins, Íslandsstofu, Matarauð Íslands, Bændablaðið og Icelandic Lamb.

31. maí

Ábyrg matvælaframleiðsla – Ísland og heimsmarkmið SP. Haldinn í Hörpu í samstarfi við Bændasamtök Íslands, Háskóla Íslands, Íslandsstofu, Matís, Matarauð Íslands, Samtök iðnaðarins og Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi.

11. september

Staða ferðapjónustunnar.

Haldinn í Húsi atvinnulífsins.

5. október

Umferðarþing.

Haldið á Grand Hótel Reykjavík í samstarfi við Samgöngu- stofu, Lögregluna, Ferðamálastofu, Safetravel, Vegagerð- ina og Íslandsstofu.

17. október

Umhverfisdagur atvinnulífsins.

Haldinn í Hörpu í samstarfi við Samtök atvinnulífsins, Samorku, Samtök fjármálafyrirtækja, Samtök verslunar og þjónustu, Samtök iðnaðarins og Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi.

2. nóvember

Kynning á skýrslu starfshóps um endurskoðun leiðsögu- náms sem SAF tóku þátt í.

8. nóvember

Ráðstefna um Alipay og viðskipti við kínverska ferðamenn. Fór fram á Icelandair Hótel Reykjavík Natura í samstarfi við Samtök verslunar og þjónustu.

11. nóvember

20 ára afmælishátíð SAF og afhending nýsköpunarverð- launa samtakanna.

Fór fram á Hilton Reykjavík Nordica.

21. nóvember

Nordic Bus&Coach meeting. Fundur Norðurlandasamtaka hópbifreiða.

Fór fram á Hótel Sögu.



Frá félagsfundi um stöðuna í ferðapjónustunni.



Frá félagsfundi í aðdraganda verkfalla 2019.



Gylfi Zoega hagfræðingur á félagsfundi um stöðuna í ferðapjónustunni.



Pátttakendur í pallborði á Menntamorgni ferðapjónustunnar um stöðu íslenskunnar.

23. nóvember

Sameiginlegt markaðsstarf undir merkjum
Inspired by Iceland.
Fór fram í Húsi atvinnulífsins í samstarfi við Íslandsstofu.

27. nóvember

Geta litlu fyrirtækin hækkað kaupíð?
Fundur Litla Íslands, sem er samstarfsverkefni Samtaka ferðapjónustunnar, Samtaka atvinnulífsins, Samtaka verslunar og þjónustu, Samtaka iðnaðarins og Samtaka fjármálafyrirtækja, fór fram á Grand Hótel Reykjavík.

27. nóvember

Hotel Camp Iceland.
Fór fram á Icelandair Hótel Reykjavík Marina í samstarfi við Hotel Camp.

28. nóvember

Öryggi á vegum og vetrarþjónusta.
Haldinn í Húsi atvinnulífsins í samstarfi við Samtök verslunar og þjónustu.

30. nóvember

Hver er staðan í gjaldtökumálum?
Haldinn í Húsi atvinnulífsins í samstarfi við Stjórnstöð ferðamála.

4. desember

Óskalgöf ferðapjónustunnar.
Haldinn í Húsi atvinnulífsins.

FÉLAGSFUNDIR 2019

23. janúar

Félagsfundur um stöðu kjaramála.
Haldinn í Húsi atvinnulífsins.

30. janúar

Framtíð ferðapjónustunnar – fall eða farsæld?
Nýársmálstofa, í samstarfi við KPMG og Íslenska ferðaklasann, sem fram fór í húsnæði KPMG í Reykjavík.

31. janúar

Okkar bestu hliðar – Menntamorgnar ferðapjónustunnar í Húsi atvinnulífsins, haldinn í samstarfi við Hæfnisetur ferðapjónustunnar.

14. febrúar

Menntadagur atvinnulífsins 2019. Haldinn í samstarfi við Samtök atvinnulífsins, Samorku, Samtök fjármálafyrirtækja, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtök iðnaðarins og Samtök verslunar og þjónustu.

27. febrúar

Félagsfundur um stöðu kjaramála.
Haldinn í Húsi atvinnulífsins.

13. mars

Okkar bestu hliðar – Menntamorgnar ferðapjónustunnar á Akureyri, haldinn í samstarfi við Hæfnisetur ferðapjónustunnar.

Aðalfundur Samtaka ferðaþjónustunnar fór fram miðviku-daginn 21. mars 2018 í Súlnasal á Radisson Blu Hótel Sögu. Mikið fjölmenni var mætt til fundarhalds í Súlnasal, fyrir lá að kjósa nýjan formann SAF til næstu tveggja ára, en Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa lónsins, lét af formennsku eftir fjögurra ára setu. Þá var ný stjórn samtakanna kjörin. Bjarnheiður Hallsdóttir, framkvæmdastjóri Kötlu DMI ehf., var kjörin formaður SAF til næstu tveggja ára. Þrír frambjóðendur voru í kjöri til formanns, en auk Bjarnheiðar gáfu Margeir Vilhjálmsson, framkvæmdastjóri bílaleigunnar Geysis, og Þórir Garðarsson, stjórnarformaður Gray Line Iceland, kost á sér.

Niðurstöður í kjöri til formanns:

Bjarnheiður Hallsdóttir, framkvæmdastjóri Kötlu DMI ehf., hlaut 32.062 atkvæði eða 44,72%.

Þórir Garðarsson, stjórnarformaður Gray Line Iceland, hlaut 31.990 atkvæði eða 44,62%.

Margeir Vilhjálmsson, framkvæmdastjóri bílaleigunnar Geysis, hlaut 7.635 atkvæði eða 10,65%.

Á aðalfundinum var jafnframt kosið í fjögur stjórnarsæti, þrjú til tveggja ára og eitt til eins árs. Alls gáfu átta einstaklingar kost á sér í stjórnarkjörinu.

Niðurstöður í kjöri til stjórnar:

Halldóra Gyða Matthíasdóttir Proppé, rekstrarstjóri sölu- og markaðssviðs Kynnisferða, hlaut 57.170 atkvæði eða 79,8% og var kjörin til tveggja ára.

Ívar Ingimarsson, stofnandi og framkvæmdastjóri ferðaþjónustunnar Óseyri, hlaut 52.211 atkvæði eða 72,9% og var kjörinn til tveggja ára.

Ólöf R. Einarisdóttir, eigandi Mountaineers of Iceland, hlaut 46.235 atkvæði eða 64,5% og var kjörin til tveggja ára.

Jakob Einar Jakobsson, framkvæmdastjóri Jómfrúarinnar, hlaut 39.410 atkvæði eða 55% og var kjörinn til eins árs.

Aðrir frambjóðendur hluti færri atkvæði.

Fyrir í stjórn SAF sátu Ingibjörg Ólafsdóttir, hótellstjóri Radisson Blu Hótel Sögu, og Pétur Þ. Óskarsson, framkvæmdastjóri Samskiptasviðs Icelandair Group, en þau voru kjörin til tveggja ára á aðalfundi samtakanna árið 2017. Pétur hætti í stjórn SAF í nóvember 2018.

ÁLYKTUN AÐALFUNDAR SAF: JÁKVÆTT FÓTSPOR FERÐAÞJÓNUSTUNNAR TRYGGT TIL FRAMTÍÐAR

Á aðalfundi SAF var samþykkt ályktun. Í ályktuninni kom m.a. fram:

Ferðaþjónusta er burðarvinnugrein á Íslandi. Ör vöxtur hefur einkennt greinina á undanfönum árum og fyrirtæki í greininni hafa fjárfest í innviðum fyrir hundruð milljarða frá árinu 2015 til að mæta vaxandi eftirspurn. Á undanförm-



Grímur Sæmundsen, fráfarandi formaður SAF, flytur lokaávarp á aðalfundi samtakanna 2018.



Fundargestir á aðalfundi SAF á Radisson Blu Hótel Sögu 2018.



Frá fagnendardarfundum veitingamanna SAF á aðalfundi 2018.



Frá fagnendardarfundum afþreyingarfyrirtækja SAF á aðalfundi 2018.



Róbert Guðfinnsson, Pétur Þ. Óskarsson og Birgir Guðmundsson á aðalfundi SAF 2018.



Frá framboðsfundi til stjórnar SAF á aðalfundi 2018.



Kjörnefnd SAF 2018 ásamt starfsmanni SAF. F.v. Sævar Skaptason, Skapti Örn Ólafsson, Ingibjörg G. Guðjónsdóttir og Marín Magnúsdóttir.



Frá félagsfundi afþreyingarfyrirtækja á aðalfundi SAF 2018.

um misserum hefur hægt á vexti erlendra ferðamanna til landsins sem skapar svigrúm til að tryggja farsæla þróun til langs tíma. Þar skiptir sjálfbært og stöðugt rekstrar- umhverfi mestu og þar gegnir samstarf við stjórnvöld lykilhlutverki. Aðalfundur SAF hvetur stjórnvöld til að:

- Móta skýra stefnu í ferðamálum í samvinnu við atvinnugreinina með efnahags-, umhverfis- og samfélagslega sjálfbærni að leiðarljósi.
- Tryggja sjálfbært og stöðugt rekstrarumhverfi greinarinnar með samkeppnishæfni hennar til langs tíma að leiðarljósi. Náttúra Íslands, menning og saga eru sérstaðan á alþjóðlegum markaði og undirstaða verðmætasköpunarinnar.
- Nýta þau tækifæri sem eru sannarlega til staðar og tryggja að fótspor ferðaþjónustunnar þróist á jákvæðan hátt með Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi.

Lesið má ályktunina í heild sinni [HÉR](#).

DAÐI MÁR STEINSSON OG GRÉTAR INGI ERLENDSSON HLUTU LOKAVERKEFNISVERÐLAUN SAF OG RMF

Á aðalfundi Samtaka ferðaþjónustunnar voru veitt verðlaun fyrir framúrskarandi loka verkefni um ferðamál sem unnið er við háskóla hér á landi, en SAF og Rannsóknamiðstöð ferðamála (RMF) veita verðlaunin árlega. Að þessu sinni hlutu þeir Daði Már Steinsson og Grétar Ingi Erlendsson verðlaunin, en þeir skrifuðu loka verkefnið Markaðsáætlun Nordic Green Travel ehf. til BS-gráðu í ferðamálafræði við Háskóla Íslands. Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður RMF, og Helga Árnadóttir, þáverandi framkvæmdastjóri SAF, afhentu verðlaunin við hátíðlega athöfn á aðalfundi SAF á Radisson Blu Hótel Sögu.

Loka verkefnið notuðu Daði Már og Grétar Ingi til að gera markaðsgreiningu og -áætlun fyrir nýja ferðaskrifstofu, Nordic Green Travel ehf., sem hyggur á innkomu á íslenskan ferðaþjónustumarkað. Markmið greiningarinnar var að kanna hvernig nýta mætti sjálfbæra starfshætti til aðgreiningar á markaðinum. Nordic Green Travel verður bókunarsíða sem stefnir að því að hjálpa ferðamönnum að ferðast um landið með ábyrgum hætti, setja hag umhverfis og samfélags á oddinn við val á samstarfsaðilum og stuðla þannig að sjálfbærni í ferðaþjónustu á Íslandi.

Niðurstöður markaðsgreiningarinnar leiddu m.a. í ljós að þrátt fyrir styrkingu íslensku krónunnar er búist við hagvexti á helstu markaðssvæðum. Markaðskönnunin sýndi fram á að meirihluti erlendra ferðamanna var líklegur til að velja umhverfis- og samfélagsvæna kosti í ferðamennsku fram yfir aðra. Af þessu drógu höfundar þá ályktun að pláss sé á íslenskum ferðaþjónustumarkaði fyrir fyrirtæki sem hefur sjálfbærni að leiðarljósi og að sjálfbær ferðamennska sé raunhæfur kostur í ferðaþjónustu á Íslandi. Á grunni niðurstaðna greiningarinnar settu höfundar fram ítarlega markaðsáætlun fyrir Nordic Green Travel. **[Sjá nánar HÉR.](#)**

FERÐAÞJÓNUSTUDAGURINN 2018 – FULLT HÚS Í SILFURBERGI Í HÖRPU

Ferðaþjónustudagurinn 2018 fór fram fyrir fullu húsi í Silfurbergi í Hörpu samhliða aðalfundi Samtaka ferðaþjónustunnar 21. mars 2018. Rúmlega 400 manns mættu á fundinn sem bar yfirskriftina „Fótspor ferðaþjónustunnar“.

Grímur Sæmundsen, formaður SAF 2014–2018, og Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamálaráðherra, ávörpuðu fundinn. Þá fluttu erindi þau Ingólfur Bender, aðalhaf-fræðingur Samtaka iðnaðarins, dr. Snjólaug Ólafsdóttir, stofnandi og eigandi Andrími ráðgjafar, og Ketill Berg Magnússon, framkvæmdastjóri Festu. Fjöllugu erindin um efnahagsleg, umhverfisleg og samfélagsleg fótspor ferðaþjónustunnar.

Í pallborðsumræðum, sem Fanney Birna Jónsdóttir, fjölmiðlamaður, stýrði var rætt um áhrif ferðaþjónustunnar á málin sem íslensk ferðaþjónusta stendur nú frammi fyrir.

Auk Þórdísar Kolbrúnar tóku Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, og Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, þátt í umræðum.

Það var síðan í höndum Guðna Bergssonar, formanns Knattspyrnusambands Íslands, að enda Ferðaþjónustudaginn 2018 á uppbyggilegum lokaorðum. Ferðaþjónusta og fótbolti eiga nefnilega margt sameiginlegt – ef undirstöðurnar eru traustar er hægt að uppskera rikulega.

„BYLTINGARKENNDAR BREYTINGAR FRAMUNDAN Á REKSTRARUMHVERFI ÍSLENSKRAR FERÐAÞJÓNUSTU.“

– ræða Gríms Sæmundsen, formanns SAF,
á Ferðaþjónustudeginum 2018

Grímur Sæmundsen, fráfarandi formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, flutti öfluga ræðu á Ferðaþjónustudeginum 2018. Í ræðunni kom fráfarandi formaður samtakanna inn á að íslensk ferðaþjónusta stæði nú á tímamótum og að skýrar vísbendingar væru um að hægt hefði á vexti ferðaþjónustunnar. Sagði Grímur það jákvæða þróun en ekki neikvæða, enda hafi ofurvöxtur í greininni á síðustu árum verið án fordæma.

Í ræðunni kom Grímur inn á að ferðaþjónustan væri fyrir löngu orðin burðarstoð í íslensku efnahagslífi, að greinin hefði verið undirstaða þess en að nú væru erfiðu árin að baki. „Hún er hefur gegnt lykilhlutverki í sókn til bættra lífskjara og gjörbylt öllum möguleikum þess að búa í okkar harðþýla landi. Loks nú virðist sem menn séu að átta sig á þessum staðreyndum.“



Tveir af fyrrverandi formönnum SAF ásamt núverandi formanni. F.v. Grímur Sæmundsen, Bjarnheiður Hallsdóttir og Árni Gunnarsson.



Fundargestir á Ferðaþjónustudeginum 2018. F.v. Hjördís Björnsdóttir, Ingibjörg Ólafsdóttir og Hrönn Greipsdóttir.



Fundargestir á Ferðaþjónustudeginum 2018. F.v. Björg Árnadóttir, Halldóra Gyða Matthíasdóttir Proppé og Björn Ragnarsson.



Fundargestir á fjölmönnum Ferðaþjónustudegi 2018.



Fundargestir á Ferðapjónustudeginum 2018. F.v. Ketill Sigurðsson, Gréta Björg Blængsdóttir, Ingibjörg G. Guðjónsdóttir ásamt Einari Bárðarsyni.



Fundargestir á fjölmennum Ferðapjónustudegi 2018.



Dr. Snjólaug Ólafsdóttir, Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri SAF, og Vilborg Helga Júlíusdóttir, hagfræðingur SAF.



Aðalheiður Guðmundsdóttir og Hildur Elin Vignir.

En þrátt fyrir það snýst opinber umræða um íslenska ferðapjónustu ennþá ekki um hvernig við viljum sjá greinina þróast með sjálfbærum hætti í sátt við náttúru og samfélag heldur er öll orka ennþá nýtt í að staglast á því hvernig hægt sé að ná meiri tekjum af greininni með einhvers konar gjaldtöku, þrátt fyrir að hún hafi verið að skila hátt í eitt hundrað milljörðum króna í opinbera sjóði á síðasta ári með beinum hætti og þrátt fyrir að ýmsir hagaðilar, sem hafa til þess möguleika, hafi verið og séu nú þessa dagana að auka enn frekar álögur á greinina með ýmiss konar gjaldtöku."

Þá sagði Grímur að það væru byltingarkenndar breytingar framundan á rekstrarumhverfi íslenskrar ferðapjónustu, að stafræn þróun og netvæðing gengi nú fram með ógnarhraða. „Bein samskipti viðskiptavina og þjónustuaðila í gegnum netið aukast stöðugt og samfélagsmiðlar eru farnir að leika stórt hlutverk í markaðssetningu á ferðapjónustu. Einstaklingar eru nú í auknum mæli að nýta þessa tækni til að skipuleggja sínar ferðir sjálfir í stað þess að ferðast með hópum.

Alþjóðlegar bókunarsíður, svokallaðir on-line travel agents eins og t.d. AirBnB og Booking.com, eru nú þegar orðnar stærstu söluaðilar á gistingu á Íslandi og því miður er á sama tíma ennþá ekki verið að taka á skekktri samkeppnisstöðu hótela gagnvart heimagistingu. [...]

Í þessum breytingum felast ógnanir fyrir suma og tækifæri fyrir aðra en það eitt er ljóst að þeir sem ekki munu stökkva um borð í þessa stafrænu lest hafi þeir ekki þegar gert það munu sitja eftir og verða undir í samkeppninni," sagði Grímur og bætti við: „Í þessum efnum erum við þátttakendur í alþjóðlegri þróun sem er þegar að breyta því hvernig við ferðumst og mun gjörbreyta rekstrarumhverfi ferðapjónustufyrirtækja á næstu árum."

Í niðurlagi ræðunnar fjallaði Grímur um að á undanförunum fjórum árum hefði íslensk ferðapjónusta gengið í gegnum fordæmalaust vaxtarskeið. Þetta hefði verið áhugaverð vegferð og margt gott áunnist þrátt fyrir að vaxtarverkirnir hefðu á stundum verið í meira lagi.

Þá sagði Grímur að endingu: „Nú eru vatnaskil. Það hægir á vexti og nú er tækifæri til að móta stefnu fyrir íslenska ferðapjónustu til framtíðar. Það er verkefnið. Með öðrum orðum: Hvert á fótspor ferðapjónustunnar að verða í íslensku samfélagi, en það er einmitt yfirskrift þessa fundar. Það skiptir öllu að stjórnvöld og Samtök ferðapjónustunnar beri gæfu til að vinna áfram saman og enn betur en áður að þessu lykilverkefni. Takist það þá er framtíð íslenskrar ferðapjónustu björt."

Ræðuna í heild sinni er hægt að lesa HÉR.







NÝTT MERKI SAF AFHJÚPAÐ Á 20 ÁRA AFMÆLINU

Í tengslum við 20 ára afmæli Samtaka ferðapjónustunnar 11. nóvember 2018 var nýtt merki samtakanna kynnt með pompi og prakt á afmælishátíð á Hilton Reykjavík Nordica.

Um nýtt merki:

Nýtt merki Samtaka ferðapjónustunnar er í grunninn byggt á þríhyrningsformi. Þríhyrningurinn er sterkasta og stöðugasta grunnformið og gefur til kynna styrk, staðfestu og áreiðanleika en á sama tíma kallar það á athygli.

Formin mynda feril frá vinstri til hægri. Stílfærslan felur í sér ákveðna sjónhverfingu af þrívídd sem getur gefið ímyndaraflinu lausan tauminn. Merkið hefur margbreytta náttúruskírskotun, það vísar meðal annars til íslensku fjallanna, sem hafa verið kennileiti SAF í gegnum árin. Þau margbreytilegu form sem mynda merkið vísa einnig til hinna fjölbreyttu sviða Samtaka ferðapjónustunnar.

Við útgáfu á nýju merki SAF voru gildi samtakanna kynnt, en þau eru:

SAMEINING

SAF sameina ferðapjónustuna í landinu og hjálpa til við að byggja upp heilbrigt rekstrarumhverfi í greininni.

HAGSMUNIR

SAF tala einni röddu hagsmunaaðila gagnvart stjórnvöldum og almenningi.

ÁBYRGÐ

SAF eru ábyrg gagnvart samfélaginu og náttúrunni. Stuðla að sjálfbærni í ferðapjónustu og standa vörð um náttúru landsins.

FAGMENNSKA

SAF efla menntun og fræðslu innan ferðapjónustunnar og stuðla að meiri hæfni og gæðum í greininni.



Bein útsending að hefjast á félagsfundi hjá SAF.



Jóhannes kynnir tillögur um skilvirkara eftirlit með ólöglegri starfsemi.



Nýr formaður í myndatöku á skrifstofu SAF.



Jóhannes og Helga, núverandi og fyrrverandi framkvæmdastjóri SAF spjalla saman á skrifstofu samtakanna í Borgartúni.



Lúðrasveit verkalyðsins lék nokkur lög á miðnætti á 20 ára afmælishátíðinni.



Líf og gleði á 20 ára afmælishátíð SAF.



Afmælissöngurinn kyrraður á 20 ára afmæli samtakanna.



Formaður SAF, Bjarnaheiður Hallsdóttir ásamt frú Elízu Reid forsetafrú á afmælishátíð samtakanna.

20 ÁRA AFMÆLISHÁTÍÐ SAF

Samtök ferðapjónustunnar fögnuðu 20 ára afmæli í nóvember, en samtökin voru stofnuð 11. nóvember 1998.

Af því tilefni var blásið til veglegrar afmælisveislu laugardagskvöldið 10. nóvember sl. á Hilton Reykjavík Nordica. Mikið var um dýrðir með tónlist, uppákomum og veisluföngum úr íslensku hráefni. Nýsköpunarverðlaun SAF voru afhent við þetta tilefni.

FORMAÐUR OG FRAMKVÆMDASTJÓRI Á FERÐ OG FLUGI

Í haust og vetur hafa Bjarnaheiður Hallsdóttir, formaður Samtaka ferðapjónustunnar og Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri gert viðreist um landið og tekið hús á félagsmönnum í SAF enda ákaflega mikilvægt að rækta tengslin milli félagsmanna og skrifstofu og stjórnar samtakanna.

SAF Á SAMFÉLAGSMIÐLUM

SAF halda úti öflugri Facebook-síðu og eru fylgjendur samtakanna á samfélagsmiðlinum nú um 2900 talsins. Þá opnuðu samtökin reikninga á Instagram og Twitter á liðnu starfsári.

Fylgdu SAF á samfélagsmiðlum undir [@ferdathjonustan](#)

SAF Í FJÖLMIÐLUM Á ÁRINU

Óhætt er að segja að Samtök ferðapjónustunnar hafi verið fyrirferðarmikil í fjölmiðlum á árinu. Samkvæmt Fjölmiðlavakt Creditinfo voru samtökin tæplega 2 sinnum á dag í fjölmiðlum árið 2018.

Samanburður við önnur hagsmunasamtök:

1. Samtök atvinnulífsins (SA) 2248
2. Samtök iðnaðarins (SI) 926
3. Bændasamtök Íslands 925
4. Viðskiptaráð Íslands (VÍ) 813
5. Samtök ferðapjónustunnar (SAF) 634
6. Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) 446
7. Félag atvinnurekenda (FA) 405
8. Samtök verslunar og þjónustu (SVP) 278
9. Félag íslenskra bókaútgefenda 248
10. Landssamband smábátaeigenda 221

Á árinu 2018 voru 23.846 tengingar á samfélagsmiðlum (comment, share og like) við fréttir tengdar SAF.

Þá voru Helga Árnadóttir, fráfari framkvæmdastjóri SAF, og Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri sam-

takanna, áberandi í umræðunni á árinu 2018. Helga kom 76 sinnum á árinu fram í fjölmiðlum og Jóhannes Þór 106 sinnum. Saman voru framkvæmdastjórar SAF þannig í 4. sæti yfir framkvæmdastjóra hagsmunasamtaka sem oftast komu fram í fjölmiðlum á árinu 2018 samkvæmt Fjölmiðlavakt Creditinfo.

STJÓRNARMENN FÓSTRA FAGNEFNDIR

Á vettvangi Samtaka ferðapjónustunnar á sér stað öflugt grasrótarstarf hjá fagnefndum samtakanna. Samhliða aðalfundi SAF er kosið í sjö fagnefndir ásamt því að stjórn samtakanna skipar árlega sérstaka umhverfisnefnd. Til að styrkja tengingu á milli stjórnar SAF og fagnefndanna hafa stjórnarmenn tekið að sér að „fóstra“ nefndirnar.

Hlutverk fóstra er að tryggja greið upplýsingaskipti á milli stjórnar og fagnefndar SAF og stuðla þannig að greiðum samskiptum þessara aðila. Fóstra ber þannig að kynna fyrir stjórn öll gögn og upplýsingar sem nefndin telur þörf á að stjórn hafi vitneskju um eða taki til umfjöllunar. Þá skal fóstari tryggja að ályktanir fagnefnda til stjórnar verði teknar til umræðu á vettvangi stjórnar eins fljótt og unnt er og að sama skapi halda fagnefndum upplýstum um framgang þeirra mála innan stjórnar.

Starfsreglur fóstra fyrir fagnefndir innan SAF má finna HÉR.

Fóstrar fagnefnda starfsárið 2018-2019:

Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður SAF – ferðaskrifstofunefnd
Halldóra Gyða Matthíasdóttir Proppé – hópþifreiðanefnd
Ingibjörg Ólafsdóttir – gististaðanefnd
Ívar Ingimarsson – bílaleigunefnd
Jakob Einar Jakobsson – veitinganefnd
Ólöf R. Einarsdóttir – afþreyingarnefnd
Pétur Þ. Óskarsson – flugnefnd og umhverfisnefnd

HELGA LÆTUR AF STÖRFUM EFTIR RÚMLEGA 4 VIÐBURÐARÍK ÁR SEM FRAMKVÆMDASTJÓRI SAF

Helga Árnadóttir lét af störfum sem framkvæmdastjóri Samtaka ferðapjónustunnar í júní 2018. Helga hóf störf hjá SAF í desember 2013 og stýrði samtökunum á mesta upp- gangstíma í íslenski ferðapjónustu. Undir forystu Helgu og stjórnar SAF efldist skrifstofa samtakanna til muna sem og allt innra starf. Eru Helgu þökkun góð og óeigngjörn störf á vettvangi SAF.

JÓHANNES ÞÓR SKÚLASON NÝR FRAMKVÆMDASTJÓRI SAF

Jóhannes Þór Skúlason var ráðinn framkvæmdastjóri Samtaka ferðapjónustunnar í júní 2018, en hann var valinn úr hópi 41 umsækjanda um starfið.



Kvenfulltrúar stjórnar SAF og starfsmenn samtakanna.



Helgu Árnadóttur, fráfarandi framkvæmdastjóra, þökkun vel unnin störf á vegum samtakanna á aðalfundi 2018.



Stjórn, skrifstofa og félagsmenn komu Helgu á óvart með kveðjuhófi í Björgarðinum sl. vor.



Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðapjónustunnar.



Á ferð og flugi...



Í heimsókn á Mjóeyri, Eskifirði.



Í heimsókn í Eldheimum í Vestmannaeyjum.



Formaður SAF talar á málþingi á Akureyri.

Jóhannes Þór er með BA-próf í sagnfræði frá Háskóla Íslands auk þess að vera með kennsluréttindi frá sama skóla. Áður en Jóhannes Þór kom til starfa hjá SAF starfaði hann sem aðstoðarmaður formanns Miðflokksins ásamt því að hafa umtalsverða reynslu úr stjórnámum og stjórn-sýslu á umliðnum árum, m.a. sem aðstoðarmaður forsætisráðherra. Þá hefur Jóhannes Þór starfað sem grunnskólakennari og almannatengslaráðgjafi ásamt því að hafa verið talsmaður InDefence-hópsins.

NÝIR FÉLAGSMENN

Samtök ferðaþjónustunnar eflust á starfsárinu, en fjölmörg fyrirtæki um land allt gengu til liðs við samtökin.

1486 ehf. / Matur og drykkur, Reykjavík
 Almenningsvagnar Kynnisferða, Reykjavík
 Arctic Trucks Experience, Reykjavík
 ÁlftanesCafé ehf., Garðabæ
 Baggi ehf., Djúpavogi
 Fara ehf., Reykjanesbæ
 Farmers Bistro, Flúðum
 Fly Over Iceland, Reykjavík
 Gallery Viðey, Reykjavík
 Gestaferðir ehf. / Guest Travel, Reykjavík
 Gistiver ehf., Reykjavík
 Grái kötturinn veitingar ehf., Reykjavík
 Hekluhestar, Hellu
 Hendur í höfn, Þorlákshöfn
 Hjarðarból, Ölfusi
 Hópbífreiðar Kynnisferða
 Hótel Eyja ehf., Reykjavík
 Hótel Hafnarfjall ehf., Borgarnesi
 Hraun eldhús ehf., Hellissandi
 Icelandic Lava Show ehf., Garðabæ
 Kaffibarinn, Reykjavík
 Klifá ehf., Höfn í Hornafirði
 Köfunareyjan ehf. / Diving Island, Reykjavík
 Miamibar ehf., Reykjavík
 PHGP ehf. / Burro, Reykjavík
 Puffin Travel ehf., Reykjavík
 Raufarhóll ehf. / The Lava Tunnel, Reykjavík
 Reykjavík Culture Travel ehf., Garðabæ
 Rútuferðir ehf., Grundarfirði
 Safari hjól ehf., Reykjavík
 Sponta ehf., Reykjavík
 Sportköfunarskóli Íslands ehf., Reykjavík
 Steinabrekka ehf., Reykjavík
 Svarið ehf., Reykjavík
 Taste ehf. / Rok restaurant, Reykjavík
 Út og vestur / Go West, Reykjavík



AFPREYINGARNEFND

Arnar Már Ólafsson, Íslenskir fjallaleiðsögumenn, formaður
 Bergljót Rist, Íslenski Hesturinn
 Hilmar Stefánsson, Special Tours
 Inga Dís Richter, Reykjavík Excursions
 Sigurður Rafn Hilmarsson, Laugarvatn Fontana



BÍLALEIGUNEFND

Bergþór Karlsson, Höldur-Bíla-leiga Akureyrar
 Garðar Sævarsson, Bíla-leiga Kynnisferða - Enterprise
 Guðmundur Orri Sigurðsson, Sixt bíla-leiga (vantar á myndina)
 Hendrik Berndsén, Bíla-leiga Flugleiða - Hertz
 Þorsteinn Þorgeirsson, Alp/Avis
 Alexander Haraldsson, Lotus Car Rental, varamaður



FERÐASKRIFSTOFUNEFND

Ásberg Jónsson, Nordic Visitor, formaður
 Dána Mjöll Sveinsdóttir, Tanni Travel
 Hallgrímur Lárússon, Snæland Grímsson
 Jakobína Guðmundsdóttir, Iceland Travel
 Þórarinn Þór, Reykjavík Excursions



FLUGNEFND

Einar Björnsson, Air Iceland Connect
 Herdís Anna Þorvaldsdóttir, Helo – Þrylupjónustan, formaður
 Þ. Haukur Reynisson, Icelandair
 Hörður Guðmundsson, Flugélagið Ernir
 Leifur Hallgrímsson, Mýflug



GISTISTAÐANEFND

Birgir Guðmundsson, Icelandair Hotels, formaður
 Friðrik Árnason, Hótel Bláfell
 Friðrik Einarsson, Northern Lights Inn
 Valgerður Ómarsdóttir, Radisson Blu 1919
 Gylfi Freyr Guðmundsson, KEA Hotels



HÓPBIFREIÐANEFND

Eðvarð Þór Williamsson, GJ Travel
 Gunnar M. Guðmundsson, SBA
 Haraldur Teitsson, Teitur
 Hlynur Lárusson, Snæland Grímsson
 Rúnar Garðarsson, Gray Line – Allrahanda, formaður



SIGLINGANEFND

Gunnlaugur Grettisson, Sæferðir
 Heimir Harðarson, Norðursigling
 Hilmar Stefánsson, Special Tours
 Stefán Guðmundsson, Gentle Giants
 Vignir Sigursveinsson, Elding hvalaskoðun



UMHVERFISNEFND

Einar Torfi Finnsson, Íslenskir fjallaleiðsögumenn, formaður
 Jón Gestur Ólafsson, Höldur-Bílaleiga Akureyrar
 Páll Gíslason, Fannborg
 Salvör Lilja Pálsdóttir, Íslandshótel
 Sigurður M. Harðarson, Icelandair Group (vantar á myndina)



VEITINGANEFND

Einar Sturla Moinichen, Hressingarskálinn
 Friðgeir Ingi Eiríksson, Eiríksson Brasserie
 Ólafur Helgi Kristjánsson, Radisson Blu Hótel Saga
 Sigrún Hauksdóttir, Elding, veitingar
 Þráinn Lárusson, 701 Hotels, formaður



MYNDIR ÚR STARFINU





SAF

**SAMTÖK
FERÐAÞJÓNUSTUNNAR**

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími 591 0000
saf@saf.is
www.saf.is